



TK

SAFNABLAÐIÐ KVISTUR

12. tbl. 2025

LÝÐRÆÐI, RITSKOÐUN OG MÁLFRELSI – KJARVAL Á AUSTURLANDI
AF SAMEININGUM SAFNA – EFTIRLÍKINGAR OG FALSANIR – ÚTGÁFA NÁMSEFNIS





ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS



OPID
ALLA
DAGA

FRÁ KL. 10-17

SÝNINGAR
VIÐBURÐIR
BARNASVÆÐI
SAFNBÚÐ
KAFFIHÚS





SAFNARÝNI	AF SAFNASTARFI	DAGUR Í LÍFI SAFNAMANNS
Frá stemmningu í Stykkishólmi til staðartengsla á Snæfellsnesi	Ljósíð í undirgöngunum	Allt sem nöfnum tjáir að nefna
	Stefnumótun um stefnumótun	Dagur í Árbæjarsafni – sveit í borg
MÁLÞING, NÁMSKEIÐ OG RÁÐSTEFNUR	Ísabrot – Jöklar í íslenskri myndlist	
Dúbaí og framtíð alþjóðasamstarfs safna	Kjarval á Austurlandi	ÚR RANNI SAFNAFRÆÐINNAR
Samband tilfinninga og menningararfs	Um sameiningar safna	Viðtal um servíettusöfnun
Að ganga í takt við samfélagslegar breytingar	Ráðgátan um Rauðmagann og aðrar sögur um eftirlíkingar og falsanir	Safngjafir og fölsuð listaverk
List og lýðræði	Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir	
Safnamaður í Suðurríkjunum	Þegar sagan fær að anda	
	Á mótun menningar og menntunar	

Aðgangsmiði á 7 söfn

Aðeins
kr. 2.600

Ticket to 7 museums



Smámunasafnið
Sundry Collection



Iðnaðarsafnið
Industry Museum



Minjasafnið á Akureyri
Akureyri Museum



Davíðshús
Davíð Stefánson's
Writers Museum



Nonnahús
Nonni's house



Leikfangahúsið
Akureyri Toy Museum



Gamli bærinn Laufás
Laufás Turf House



minjasafnid.is



**MINJASAFNIÐ
Á AKUREYRI**
AKUREYRI MUSEUM



Kæri lesandi

Að skrifa ritstjóragrein ætti ekki að vera neitt sérstaklega erfitt en í ár er ég í vanda. Mér hugnast ekkert sérstaklega að fara í kunnugleg hjólför og slá um mig með frósum eins og metnaðarfullt, faglegt og fjölbreytt safnastarf; gróska og hugmyndaauðgi; inngilding; sjálfbærni; óumdeilt mikilvægi safna; tækifæri í safnastarfi og áskoranir.

Frasar verða að frósum af því að þeim felst sannleikur en um leið fer úr þeim bitið þegar þeir verða endurteknir nógu oft. Oft vill brenna við að við hættem að heyra orðin og skynja innihald þeirra.

Um hvað skal þá skrifað? Hvað brennur helst á íslensku safnafólki þessi misserin?

Sameiningarmál líklega, nú þegar stjórnvöld hafa kynnt hugmyndir og áætlanir um slíkt. Ég er þeirrar skoðunar að oft sé eðlilegt að skoða fýsileika sameiningar en mikilvægt er að það sé gert faglega og í samstarfi og samráði við sérfræðinga á sviðinu, safnafólkið sjálft. Viðtal Sigurjóns Baldurs í blaðinu við Guðbrand Benediktsson safnstjóra Borgarsögusafns finnst mér veita góða innsýn inn í ferli og eftirmála einnar slíkrar þar sem fjárhagslegir hvatar voru ekki eingöngu hafðir

til hliðsjónar. Það væri mögulega rannsóknarefni að skoða einhverjar af safnasameiningum síðustu ára, undirbúning, hvata að sameiningu og ekki síst hvernig til hefur tekist. Í fljótu bragði detta mér í hug t.d. Menningarmiðstöð Norður-Þingeyinga, Safnastofnun Fjarðabyggðar, Borgarsögusafn og safnaklasinn sem til er orðinn undir Minjasafninu á Akureyri. Með slíkri rannsókn mætti leggja grunn að faglegri vinnu við aðrar safnasameiningarhugmyndir.

Annað stórt efni sem brennur á mörgum er hlutverk safna í lýðræðisþjóðfélagi og ritskoðunar-tilburðir stjórnvalda. Hvert er hlutverk safna sem varðveita menningararfinn í samfélaginu á tímum alþjóðavæðingar, skautunar og stríðstilburða misviturra þjóðarleiðtoga. Skiptir þetta okkur á litla Íslandi einhverju máli? Í blaðinu má finna greinar sem segja frá málþingum og ráðstefnum þar sem þessar spurningar voru uppi á borðinu og forvitnilegt er að skoða betur.

Að vanda er blaðið stútfullt af margvíslegu efni sem allan daginn ber vott um faglegt starf safna á Íslandi, fjölbreytileika þess og metnað (sko, frasarinn mættir aftur).

Það er ósk okkar í ritstjórn að ykkur muni vel líka. Alltaf má hafa samband við okkur ef fólk hefur hugmynd að efni og greinum, við tökum slíku fagnandi.

Að lokum vil ég þakka greinarhöfundum kærlega fyrir framlag þeirra. Það hve fólk er tilbúið til greinaskrifa er forsenda fyrir útgáfu blaðsins.

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, ritstjóri

Safnablaðið Kvistur

Útgefandi Félag íslenskra safna og safnmanna
Ritstjóri Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir
Ritstjórn Birna María Ásgeirsdóttir, Ingibjörg Hannesdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Þorgerður Þorleifsdóttir
Auglýsingar Birna María Ásgeirsdóttir, Þorgerður Þorleifsdóttir
Hönnun Ármann Agnarsson
Myndskreyting á forsiðu Árni Þór Árnason
Prentun Prentmet Oddi

Höfundum greina eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra framlag

ISBN – 2298–6944

Ljósið í undirgöngunum

– lifandi sýning í almannarými

Byggðasafn Hafnarfjarðar fylgir heildarstefnu og innleiðingu heims-markmiða Sameinuðu þjóðanna með stefnumörkun í safnastarfi að leiðarljósi. Það er meðal annars gert með því að auðvelda aðgengi allra að sýningum og annarri fræðslu með ókeypis aðgangi inn á safnið. Safnið leggur mikið uppúr miðlunarstarfi og heldur í dag úti átta hefðbundnum sýningum í sex húsum víða um bæinn. Þá hefur Byggðasafn Hafnarfjarðar einnig lagt sig fram um að færa sýningarnar og miðlunina út til fólksins, út fyrir veggi safnsins. Það hefur meðal annars verið gert með uppsetningu minja- og sögu-skilta en þau eru víða um bæinn og í bæjarlandinu. Á strandstígnum í Hafnarfirði sem er um 2 km langur hefur safnið einnig komið sér upp varanlegri sýningaaðstöðu þar sem settar eru upp ljósmyndasýningar árlega. Þann 1. júní ár hvert er sett þar upp ný sýning, með um 50

ljósmyndum, sem stendur í rúma 11 mánuði. Auk þessa heldur safnið úti örsýningum í svokölluðum tuc tuc bíl sem hefur fengið nafnið Safnabíllinn Tukki og er vel merktur Byggðasafni Hafnarfjarðar. Hann inniheldur litlar sýningar sem auðvelt er að skipta út og er keyrður um bæinn á sumrin. Honum er stillt upp á vel völdum stöðum á hátíðisdögum og þegar eitthvað stendur til í bænum. Einnig hefur hann tekið á móti erlendum gestum sem stíga frá borði skemmtiferðaskipanna niður við höfn. Nýjasta viðbótin við miðlunarstarf safnsins, fyrir utan veggi þess, er sýningin „Köldu ljósin“ sem opnuð var við hátíðlega athöfn í desember 2024, á 120 ára afmæli fyrstu almenningsrafveitu landsins í Hafnarfirði.

Köldu ljósin er gagnvirk sýning í almenningsrými sem Byggðasafn Hafnarfjarðar opnaði 13. desember 2024. Sýningin varpar ljósi á sögu

fyrstu almenningsrafveitunnar á Íslandi sem Jóhannes Reykdal stofnaði í Hafnarfirði árið 1904. Jóhannes var mikill brautryðjandi og framfarasinni en hann var lærður smiður og reisti trésmíðaverksmiðju við Hamarskotslæk í Hafnarfirði árið 1903. Verksmiðjan var búin átta fullkomnum trésmíðavélum og virkjaði Jóhannes lækinn til að knýja þær en þetta var í fyrsta sinn sem vélar sem þessar voru knúnar áfram með vatnsafla á Íslandi. Stuttu síðar réðst hann í það mikla verk að hefja raforkuframleiðslu fyrir bæinn en það voru, samkvæmt heimildum, sextán hús og fjórir ljósastaurar sem fengu fyrst rafmagn í desember árið 1904. Áhuginn fyrir þessum nýja ljósgjafa var mikill og þyrptist fólk að þegar kveikja átti á fyrstu ljósaperunni. Það þótti merkilegt að köld glerkúla gæti gefið frá sér slíka birtu sem áður hafði eingöngu fengist frá heitari ljósgjöfum eins og lýsis- og olfúlömpum eða kertum. Þaðan dregur sýningin nafn sitt; „Köldu ljósin“.

Fyrsta rafstöðin var staðsett neðan við Austurgötu í trésmíðaverkstæði Jóhannesar. Vegna mikillar eftirspurnar eftir rafmagni í bænum þurfti fljótt að huga að stækkun rafstöðvarinnar og lét Jóhannes þá reisa stíflu, vatnsstokk og stöðvarhús með íbúð fyrir stöðvarstjórnann og fjölskyldu hans ofan við Hörðuvelli. Reykdalsfélagið og Rafafmælisnefnd Hafnarfjarðar stóðu að því að gert var við stífluna og vatnsstokkurinn var endurbyggður í minningu Jóhannesar Reykdals á 100 ára afmæli fyrstu virkjunarinnar árið 2004. Upphaflega stóð til að rýmið í undirgöngunum undir



Opnun sýningarinnar 13.des 2024. Ljósmynd Björn Pétursson.

Lækjargötunni, allmikið glerhýsi, tilheyrði Iðnskóla Hafnarfjarðar og yrði einskonar kennslustofa fyrir rafvirkjanema. Þar var komið fyrir rafal sem var eftirmynd þess sem upprunalega var í þessari virkjun og var hann bæði tengdur og gangsettur af nemendum skólans. Þessar hugmyndir dattu þó allar upp fyrir þegar skólinn var sameinaður Tækniskóla Íslands og í kjölfarið hófst vinna hjá Bygðasafninu að fá yfirráð yfir rýminu og fjármagn til að setja þar upp sýningu.

Undirgöngin eru hluti af vinsælli gönguleið og er sýningin því fræðandi og áhugaverð viðbót við daglegt líf Hafnfirðinga og annarra sem eiga þarna leið hjá. Með opnun þessarar sýningar var Bygðasafnið að stíga enn eitt skrefið í þeirri viðleitni að koma miðlun á menningu og sögu Hafnarfjarðar út af safninu og til almennings, auk þess sem gestum er þarna gert kleift að hafa áhrif á umhverfið með gagnvirkni. Gagnvirkar sýningar sem þessi eru sýningar þar sem gestir geta haft áhrif á upplifunina með því að taka virkan þátt, í stað þess að vera einungis áhorfendur. Markmiðið með gagnvirkni er að auka þátttöku,



Ljósín í bænum og vatnshjólíð í bakgrunni. Ljósmynd Svanhvít Tryggvadóttir.

áhuga og lærdóm gestanna með því að virkja skynjun, hreyfingu eða eigin ákvörðunartöku.

Sýningastjórnun var sett í hendur Svanhvítar Tryggvadóttur sérfræðings á Bygðasafni Hafnarfjarðar og var útkoman hin glæsilegasta. Rýminu var skipt upp í tvo meginhluta, í öðrum hlutanum er áherslan á trésmíðaverkstæðinu en í hinum á sögu rafvæðingarinnar. Fremst í rýminu, upp við glerið, voru svo sett upp fjögur greinargóð upplýsinga-

skilti fyrir fólk sem vill kafa dýpra í efnið og fræðast enn frekar um Jóhannes Reykdal, trésmíðaverksmiðjuna og virkjanir hans. Í þeim hluta sýningarinnar sem snýr að trésmíðaverksmiðjunni var sett upp leikmynd, eftirmynd af trésmíðju Jóhannesar og aftast í því rými er stór ljósmynd af mönnum við vinnu sína í verksmiðjunni sem gefur rýminu enn frekari dýpt. Í þeim hluta eru trésmíðavélar og tól sem ríma við tímann og er ætlað að sýna þann anda sem var í verksmiðjunni. Í hinum hluta sýningarinnar, sem tilheyrir bænum og rafmagninu, var smíðað og sett upp stórt vatnshjól sem er mikil listasmíði eftir Trausta Sigurðsson og Snædís Traustadóttur. Þegar fólk gengur fram hjá sýningunni getur það togað í handfang sem liggur að utanverðu glerinu, þá streymir vatn, úr sérstakri vatnslögn sem liggur yfir hjólinu, á hjólið sem byrjar að snúast og virkjar þannig sýninguna. Fyrir framan vatnshjólið er þrívíddarprentað líkan af bænum sem er nákvæm mynd af staðsetningu húsa og útliti bæjarins en líkanið er unnið eftir korti af Hafnarfirði frá 1902. Húsin sextán sem fyrst fengu rafmagn lýsast upp þegar vatnshjólið byrjar að snúast. Sérstaklega var vandað til verks þegar



Smíðaverkstæðið með ljósmyndir í bakgrunni. Ljósmynd: Svanhvít Tryggvadóttir.



Gleraugu smíðs og verkfæri til sýnis á smíðaverkstæðinu. Ljósmynd Svanhvít Tryggvadóttir.

kom að lýsingu í rýminu því ekki má vera of mikil birta svo það skemmi ekki fyrir upplifuninni þegar húsin sextán lýsast upp. Í samstarfi við

rafvirkja hjá Rafrúnu í Hafnarfirði var hönnuð lýsing sem byggir á áherslulýsingu á staði eins og myndir, upplýsingaskilti, vatnshjólið og eins-

taka muni á tréverkstæðinu. Heildar myndin er glæsileg, eftirtektarverð og upplýsandi ásamt því að vera gagnvirk fyrir gangandi vegfarendur.

Það er mikill ávinningur af því að færa safnið út til fólksins og vekja með þeim hætti athygli og áhuga á Byggðasafni Hafnarfjarðar. Byggðasafnið varðveitir menningararf sem á að vera aðgengilegur öllum og leggur safnið því metnað í að miðla sögunni til almennings með fjölbreyttum hætti.

Björn Pétursson, bæjarminjavörður Hafnarfjarðar

Svanhvít Tryggvadóttir, sérfræðingur á Byggðasafni Hafnarfjarðar

Fyrir ratleikur og verðlaun fyrir börnin!

akranesmuseum AkranesMuseum

**AÐ FORTÍÐ SKAL HYGGA,
EF FRUMLEGT SKAL BYGGJA**

Byggðasafnið í Görðum býður gestum einstaka innsýn í liðna tíma. Í fastasýningu safnsins er fróðleik um lífið til sjós, lífið í landi, lífið í vinnu og lífið í leik miðlað með fjölbreyttum hætti.

Heimsókn til okkar leikur við öll skilningarvitin

BIG Byggðasafnið í Görðum

Opíð kl. 11-17 alla daga*
*frá 15. sept. - 14. maí (laugardaga 13-17 og eftir samkomulagi)

www.museum.is Sími 433-1150

**LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM**

OPIÐ ALLA DAGA

JÚNÍ-ÁGÚST
KL. 10-17

SEPTEMBER-MAÍ
KL. 12-17

Stefnumótun um stefnumótun

Hvernig bregðast fámennar stofnanir við auknum kröfum um fjölbreyttar stefnur?

Safnastarf á Íslandi hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og áratugi. Söfn, setur og sýningar eru fjölmörg og fjölbreytileg – en með viðurkenningarferli safnaráðs fyrir rúmum áratug síðan voru söfn aðgreind enn frekar frá sýningum, setrum og safnvísunum. Viðurkennd söfn í landinu starfa skv. safnalögum, reglugerðum, siðareglum og öðrum kröfum sem þeim eru settar. Viðurkennd söfn sinna faglegu safnastarfi með markvissum hætti og af metnaði, leyfi ég mér að fullyrða.

Gríðarlega margt hefur breyst á síðustu þrjátíu árum eða svo. Söfnum hefur fjölgað, safnafólki hefur fjölgað verulega (sem er sérstakt fagnaðarefni) og auknar kröfur

hafa verið lagðar á faglegt starf sem nú er í fyrirrúmi og alls staðar lögð áhersla á söfnun, varðveislu, skráningu, rannsóknir og miðlun. Þessum verkefnum þarf að sinna með skipulögðum og markvissum hætti og til þess þarf stefnumótun. Þegar ég hóf störf í safnageiranum var það fyrst og fremst söfnunarstefnan sem lögð var áhersla á. Hún var grunnurinn að starfi safnsins og vottur um að söfnun og varðveisla væri sinnt bæði skipulega og markvissst. En bara á mínum starfstíma sem safnamanneskja hefur stefnum og áætlunum fjölgað allverulega. Og ekki endilega vegna þess að okkur safnafólkinu hefur þótt tilfinnilegur skortur á stefnumótun í starfi okkar – heldur vegna þess að

krafan um slíkt kemur að ofan – og henni þarf að framfylgja. Í viðurkenningarferlinu var til að mynda gerð krafa um að söfn sem sóttust eftir viðurkenningu ráðherra og safnaráðs skiluðu inn neyðaráætlun. Slíka áætlun átti Síldarminjasafnið á Siglufirði ekki til. Mér þótti því nærtækast að líta til sveitarfélagsins og fá þar einhverskonar fyrirmynd eða beinagrind til að vinna út frá. En viti menn, sveitarfélagið Fjallabyggð átti enga neyðaráætlun. Við skrifuðum okkar því frá grunni, án fyrirmyndar, og skiluðum inn til safnaráðs eins og til var ætlast. Og hlutum viðurkenningu.

Síðan þá hefur listinn heldur lengst og stefnum og áætlunum fjölgað. Til að stikla á stóru, þá höfum við á síðustu örfáum árum þurft að setja okkur fjölmargar nýjar stefnur – til viðbótar við ítarlega söfnunarstefnu og neyðaráætlun, og ber þar helst að nefna: starfsstefnu til fjögurra ára, grísjunarstefnu, viðbragðsáætlun, varðveislustefnu, rannsóknarstefnu, fræðslustefnu, sýningarstefnu, umhverfisstefnu og sjálfbærnistefnu. Og ef við viljum halda áfram að tikka í boxin og setja okkur stefnur mætti vel fara að fordæmi Borgarsögusafns og bæta við markaðs- og kynningarstefnu, viðburðastefnu, þjónustustefnu og mannauðsstefnu – og vafalaust fleirum. Svo skal tengja stefnurnar og markmiðin við æðri stefnur og markmið; stefnumörkun um



Safnafólk stendur saman. Hér má sjá vaskan hóp af norðlenskum kollegum í kjölfar flóðanna 2024, þegar sýningin í Njardarskemmu var tekin niður.



Vatn upp á miðja veggi í Njarðarskemmu 2024.

safnastarf og aðgerðaráætlun fyrir stefnumörkun um safnastarf, safnastefnu á sviði menningarminja og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna svo fátt eitt sé nefnt.

En við höfum líka þurft að spyrna við fótum þegar okkur þykir stefnumótunin gengin of langt. Eins og þegar Uppbyggingarsjóður SSNE – Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, veitti sér styrk til að skrifa safnastefnu fyrir Norðurland. Til hvers? spurðum við nokkur úr hópi safnafólks í landshlutanum. Söfnin heyra ekki undir SSNE og það er ekki stefnumótandi stofnun fyrir starfsemi safna. Annað dæmi sem ég get nefnt er þegar fólk úr menningargeiranum í Fjallabyggð var boðað til fundar í Ráðhúsinu fyrir fáum árum til samtals um gerð nýrrar menningarstefnu sveitarfélagsins. Afrakstur fundarins var sá að fundarmenn neituðu þátttöku í verkefninu en bentu stjórnendum sveitarfélagsins vinsamlega á að gamla menningarstefnan væri full af fögrum fyrirheitum og háleitum markmiðum um uppbyggingu og framgang menningar í sveitarfélaginu, en þau höfðu fæst verið uppfyllt eða þeim framfylgt. Það má þvíætla að það virðist vera í tísku að setja stefnur, til þess fæst opinbert

fjármagn (í sumum tilfellum) án gagnrýnnar hugsunar um tilgang stefnunnar eða gildi hennar, að því er virðist.

Er hringiða stefnumótunar vandamál? Er þetta raunhæft – nauðsynlegt? Er tíma okkar best varið til eilífrar stefnumótunar? Þurfum við öll að finna upp hjólið? Setjast niður í sífellu með autt blað og penna – eða hvítan skjá og lyklaborð, velta vöngum, vinna rannsóknarvinnu, setja upp drög, funda með samstarfsfólki og mögulega öðrum utanaðkomandi, og ótalmörgum vinnustundum síðar lítur ný stefna dagsins ljós. Nema að við stytum okkur leið og leitum aðstoðar hjá blessaðri gervigreindinni. Krafan um almenna skriffinnsku á söfnum hefur aukist verulega á undanförunum árum; umsóknarskrif, skýrsluskrif, fréttaskrif, áætlanagerð og stefnumótun – og svona mætti halda áfram. Og ég er hreinlega ekki sannfærð um að til þessa sé tíma okkar best varið. Þetta er þó ekki svo einfalt mál að það sé annað hvort eða – með eða á móti. Ég er án nokkurs vafa þeirrar skoðunar að öll þurfum við að sinna starfi okkar markvisst, setja stofnunum og starfsfólki markmið og leiðarljós. Að vita hvert við stefnum og hvernig

við komumst þangað. En oft gæti tímanum verið betur varið til þess að einmitt vinna að markmiðunum sem þegar er búið að setja safnastarfi og sinna kjarnastarfsemi safnsins. Því öllu má ofgera.

Sem sjálfseignarstofnun stendur Sildarminjasafnið á eigin fótum. Hvorki í eigu ríkis eða sveitarfélags og fellur því ekki undir stefnur eigenda sinna, því það í raun á sig sjálft. Það þýðir að við þurfum bæði að framfylgja þeim stefnum sem viðurkennd söfn í landinu falla undir en líka að setja okkur eigin stefnur. Sem hefur kosti og galla. Sumar stefnur er eðlilegt og nauðsynlegt að safnið sjálft móti, með sérþekkingu starfsfólks að leiðarljósi. Aðrar, eins og neyðaráætlanir og viðbragðsáætlanir, væri hins vegar afskaplega fínt að erfa frá eigendum. Enn aðrar væri að mínu viti fullkomlega rökrétt að safnaráð eða höfuðsafn setti viðurkenndum söfnum, sem gætu aðlagð hana lítillaga að sínum aðstæðum. Eins og áður hefur komið fram var safninu gert að setja sér neyðaráætlun fyrir ríflega tíu árum síðan, og þá átti sveitarfélagið ekki einu sinni eina slíka. Í ár höfum við verið að vinna að viðbragðsáætlun – sem viðurkennd söfn í landinu þurfa að setja sér skv. kröfum hins

opinbera. Sveitarfélagið Fjallabyggð á ekki heldur slíka áætlun. En við söfnin? Við skulum öll gjöra svo vel að setja okkur viðbragðsáætlanir. Söfn við Eyjafjörð voru látin ríða á vaðið undir dyggri leiðsögn Nathalie Jacqueminet. Ófáum vinnustundum höfum við safnstjórar nokkurra safna varið í að ræða tilgang viðbragðsáætlunar, efnistöð hennar og gerð. Enn fleiri vinnustundum höfum við varið í að setja saman áætlunina – sem tekur til margra ólíkra þátta og er afar gott plagg fyrir bæði starfsfólk og viðbragðsaðila. En, verður hún nýtt í raun og veru? Hafandi tekist á við vá á mínu safni oftast en einu sinni og oftast en tvisvar, með viðbragðaðilum og án þeirra – er ég afar, afar efins um gildi þess að við ráðstöfum öll tíma okkar og orku til þess að setja okkur viðbragðsáætlun. Því miður. Ekki beinlínis vegna þess að viðbragðsáætlunin sé ekki góð og gild – heldur vegna þess að okkur ætti hreinlega að vera rétt slík áætlun, tilbúin – með samræmdum vinnubrögðum og viðbrögðum, en hvert og eitt okkar gæti sett inn upplýsingar um praktísk atriði og staðarhætti. Og að sama skapi er ég þeirrar skoðunar að slík áætlun getur aldrei undirbúið okkur til að takast á við neyðina. Það má færa fyrir því rök að við sem einstaklingar séum alltaf í viðbragði – við ólíkar aðstæður. Og hér er því dæmisaga af viðbragði versus stefnumótun: Að koma að safnhúsum á bólakafi í vatni – nú eða alelda eða horfnum undir aur. Í mínu tilfelli; tæplega meters djúpt vatn innandyra, í miðjum sýningum safnsins. Hvað getur búið okkur undir þær aðstæður? Sannarlega ekki stefnumótun. Og þegar dæla þarf burtu milljónum lítra af vatni, með stórtækum dælum og búnaði sem krefst sérþekkingar – þá leitar hugurinn ekki til neyðaráætlunar eða viðbragðsáætlunar. Ég hef í tvígang verið í þeim aðstæðum að þurfa að vakta vatnsdælur á sólarhringsvöktum, því slökkviliðið og

björgunarsveitin önnuðu því ekki. Þegar viðbragðsaðilar eru fáir og hafa enga hvíld fengið – þá þarf að forgangsraða og senda menn heim til að hlaða batteríin. Og vöktun vatnsdæla í safnhúsum er ekki efst á listanum þegar hálft bæjarfélagið er á bólakafi og dælurnar ganga í fimmtíu klukkustundir samfleytt, eins og raunin var hjá okkur á Síldarminjasafninu haustið 2024. Vansvefta safnstjóri, í lopasokkum á fjórðu gúmmístígvélunum og í gamalli flíspeysu af pabba sínum lærði á örskotsstundu aðalatriðin; dælan þarf alltaf að vera í vatni, hún má ekki dæla þurru – þá skapast íkveikjuhætta. „Ókei, ekkert mál. Vatnstjón – eða húsbrenni ef ég sofna. Engin pressa.“ Fimmtíu tíma vakt, með hjartað í buxunum, dælubíla og smærri dælur á fullum afköstum dag eftir dag, nótt eftir nótt, blikkandi ljós og fjölmiðla á línunni. Hvað gerir maður? Allt annað en að fletta upp í neyðar- eða viðbragðsáætlunum. Því við treystum því að viðbragðsaðilarnir séu þjálfaðir í því viðbragði sem þeir veita. Auðvitað þurfa bæði ég og samstarfsfólk mitt að þekkja safnhúsin inn og út – vatnsinntök, rafmagnstöflur, neyðarútganga, lykilgripi til björgunar og þar fram eftir götunum. Við þurfum að geta leiðbeint viðbragðsaðilum og gert okkar allra besta til að lágmarka tjónið, sé þess nokkur kostur. Það er svo sturlað að lenda í svona aðstæðum, að ekkert undirbýr okkur. Ekki nema þau okkar sem mögulega eru meðlimir í björgunarsveit eða slökkviliði og eru hreinlega þjálfuð til þess. Ég get sagt frá því í fullri hreinskilni að í þessum ömurlegu aðstæðum – þegar safnhúsin okkar hafa bókstaflega fyllst af vatni – hef ég ekki einu sinni litið í neyðaráætlun safnsins eða viðbragðsáætlun. Aðstæður hafa hreinlega ekki boðið upp á það, og þær hafa ekki náð yfir þá þætti sem í raun og veru eru krefjandi. Því eftirleikurinn er svo mikið flóknari og óútreiknanlegri en

okkur órar fyrir. Engin lífsins áætlun eða stefna gat búið okkur undir að verka klóak – saur og salernis-pappír – úr miðju sýningarrými. Því fráveitukerfi bæjarins bilaði og yfirflæddi svo herfilega að skólpið kom inn um frárennslislagnir og upp um ræsin. Hvað gera safnmenn þá? Nú, sækja einnota hanska og þokkalega hreina glerkrukku undan ORA-síld og handskófla upp líklegu saursýni og senda til greiningar hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Og svo þarf að takast á við tryggingafélög, eigendur, Náttúruhamfaratryggingu, Ofanflóðasjóð eða hvern annan sem mögulega getur gengist við ábyrgð og bætt tjónið. Ekki nema þið verðið jafn óheppin og við og enginn taki ábyrgð. Við hreinlega sitjum uppi með tjónið; ráðalaus, sár, svekkt og jafnvel svolítið reið.

Það sem að mínu mati skortir – í þessari hringiðu aukinnar fagmennsku – eru verkfærin. Söfnum eru settar kröfur um stefnumótun og áætlanagerð, eftirlit og fagmennsku. En kröfunum fylgja sjaldnast verkfæri og þeim fylgir ekki fjármagn. Fyrir vikið reynum við safnafólk að vera allt í öllu, læra allt mögulegt og ómögulegt og verkefnalistinn lengist dag frá degi, jafnvel þó við hlaupum hraðar og vinnum meira. Við þurfum líka að leiða hugann að því að það er ekki nóg að setja sér stefnu og leggja hana svo ofan í skúffu, heldur þarf að vinna samkvæmt henni, endurskoða hana og uppfæra. Og þegar stefnurnar eru orðnar svo margar að fingur beggja handa duga ekki til að telja þær – þá erum við kominn að því að þurfa að móta okkur stefnu um stefnumótunina. Og þá sitjum við eftir með spurninguna; erum við á rétttri vegferð?

Anita Elefsen, safnstjóri
Síldarminjasafns Íslands

Ísabrot – Jöklar í íslenskri myndlist

Nýtt námsefni frá Listasafni Íslands

Ár jökulsins – fjölbreytt nálgun í námsefnisgerð

Á Alþjóðarári jökla 2025 er tilvalið að kynna nýtt námsefni sem Listasafn Íslands gaf út í lok árs í fyrra; *Ísabrot – jöklar í íslenskri myndlist*. Þar er að finna valin listaverk frá ýmsum tímum sem á einn eða annan hátt tengjast jöklum, umfjöllun um verkin auk fjölbreyttra listasmíðja þar sem unnið er á ólíkan hátt og með ólíkum efnivið, verkefni sem tengjast jöklum.

Að baki námsefninu sem skrifað er fyrir kennara liggur mikil forvinna þar sem tekin var ákvörðun um að vinna verkefnið í þróunarfasa yfir tvær skólaannir í samvinnu við listamenn, sérfræðinga, kennara og nemendur.

Listasafn Íslands hlaut styrk frá Barnamenningarsjóði sem gerði

safninu kleift að fara út í þá vinnu sem fólst í undirbúningi útgáfunnar. Verkefnið samanstóð af níu listasmíðjum sem framkvæmdar voru og þróaðar af níu starfandi listamönnum í samstarfi við fræðslu-sérfræðing safnsins.

Listasmíðjurnar fóru fram í Safnahúsinu við Hverfisgötu eða í gegnum Teams í fjarkennslu og snérist allar á mismunandi, þverfaglegan hátt um jökla. Níu skólar á þremur skólastigum frá mismundandi stöðum á landinu tóku þátt. Yfir tímabilið var hver smíðja endurtekin allt upp í sex sinnum. Myndlæsi og aðferðir *Sjónarafls – þjálfunar í myndlæsi* eru miðlæg kennsluáðferð hjá Listasafni Íslands og hófust allar listasmíðjurnar á því að listaverk var tekið fyrir í myndlæsi. Sú leið var farin til þess að dýpka þekkingu nemenda á málefnum, efla samtal



Ísabrot bókin – námsefni um jökla í íslenskri myndlist ásamt skemmtilegum listasmíðjum.

og leiða nemendur inn í verklegan þátt heimsóknarinnar með vandaðri mynðrænni kveikju.

Þverfagleg nálgun – listir, náttúra, sjálfbærni

Jöklar eru órjúfanlegur hluti af kennileiti Íslands og sjálfsmynd þjóðarinnar..... Áhugavert er að sjá fjölbreytta nálgun listamanna þegar kemur að jöklum, sem enn eru botnlaus uppspretta innblásturs. Frá skrásetningu landslags og rómantískrar upphafningar til myndverka sem takast á við jökulinn sem huglægt og merkingarþrungið fyrirbæri. Í nútímanum eru jöklar einnig birtingarmynd loftlagsbreytinga þar sem knýjandi þörf er á vitundarvakningu fyrir bráðnun jökla og þeirra afleiðinga sem slíkar hamfarir hafa í för með sér.



Leikskólabörn búa til jökul í gjörningasmíðjunni Jöklagleði undir handleiðslu Jóníar Jóns.



Nemendur úr Vesturbæjarskóla með Guðrúnu Gunnarsdóttur í listasmiðjunni Form og áferð jökla.

Tilvitnunin hér fyrir ofan er úr inn- gangi bókarinnar sem Ragnheiður Vignisdóttir, fræðslu – og útgáfu- stjóri Listasafns Íslands, skrifar. Ragnheiður er að auki ritstjóri útgáfunnar og einn höfundar bókarinnar. Aðrir höfundar eru Ingibjörg Hannesdóttir og Marta María Jónsdóttir, sérfræðingar í fræðslu og miðlun á Listasafni Íslands og María Elísabet Bragadóttir rithöfundur.



Verkefni í listasmiðjunni Form og áferð jökla.

Dr. Nína Aradóttir jöklafræðingur sem starfar hjá Vatnajökulsþjóðgarði skrifar stutta aðgengilega grein um jökla frá hlið náttúruvísinda þar sem hún ræðir afkomu jökla, sprungur og bláan jökulís, landmótun jökla, jökulár og lón og framtíð jökla.

Þriðju greinina um samtíma- áskoranir og sjálfbærnimenntun skrifar Dr. Ásthildur B. Jónsdóttir sérfræðingur í samþættingu list- kennslu og sjálfbærnimenntunar.

Sjálfstætt framhald af útgáfunni *Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi*

Segja má að námsefnið *Ísabrot – jöklar í íslenskri myndlist* sé sjálfstætt fram- hald af fyrri útgáfu Listasafns Íslands, *Sjónarafl – þjálfun í myndlæsi*, sem gefin var út rafrænt, haustið 2022, en í prentaðri útgáfu í lok árs 2023.

Uppsetning bókinda er áþekkt, brotið það sama og hönnun með líkum hætti. Aðgengileg umfjöllun um 14 listaverk tengd jöklum, auk fjórflokks við hvert verk sem gefur hugmyndir inn í þemun *Samfélagið*, *Hugleiðingar*, *Náttúra* og *Litir og form*.

Hugsa má þessa kafla sem eins konar kveikjur í átt til kennslu í samfélags- fræði, náttúrufræði, heimspeki og myndlist. Þannig verður efni bók- arinnar þverfaglegt og nýtilegt til kennslu á mörgum sviðum og í mörgum námsgreinum skóla- starfsins samtímis.

Inn á milli raðast svo lýsing á vel prófuðum listasmiðjunum með markmiðum, efnislista, lýsingu á framkvæmd og myndum af efni og útkomu hvernar smíðju fyrir sig.

Þannig verður bókin aðgengileg bæði í heild sinni og sem uppflettirir fyrir kennara til að nota í kennslu, hvort sem kosið er að vinna út frá listfræðilegum, náttúrufræðilegum eða sjálfbærnimiðaðum áherslum. Bókin er einnig aðgengileg á heima- síðu safnsins, þannig að kennarar geta flett rafrænt upp vönduðum myndum bókarinnar af þeim listaverkum sem verið er að vinna með hverju sinni, sem auðveldar kennurum enn meira að nota efnið inni í skólastofunni.



Af sýningunni á Barnamenningarhátíð 2024.

Verkefnið Ísabrot og þróun lista-smiðja með myndlistarmönnum

Í námsefninu Ísabrot – jöklar í íslenskra myndlist er umfjöllun um 14 listaverk ólíkra myndlistarmanna úr safneign Listasafns Íslands, þar sem listamenn vinna með jökla með ólíkum efnum og aðferðum.

Starfandi myndlistarmenn, sem hafa á einhvern hátt gert jökla að umfjöllunarefni í verkum sínum, skipulögðu níu smiðjuverkefni í samstarfi við undirritaða, í anda sinna eigin verka. Þannig mættust tvö fræðasvið; myndlistarmenn með sína djúpu þekkingu á því efni sem þeir hafa verið að vinna með og kennslufræði- og miðlunarþekking fræðslusérfræðings safnsins.

Verkefnin voru prófuð með því að bjóða nemendum og kennurum í heimsókn í listasafnið og að vinna með listamönnum í listasmiðju. Hver listamaður tók á móti allt að 6 bekkjum í sína smiðju ásamt fræðslusérfræðingi safnsins. Þannig var hægt að sníða af vankanta og eiga beint samtal við nemendur og kennara um upplifun þeirra af verkefnunum.

Í smiðjunum var meðal annars unnið með: Himingeiminn og rannsóknir á bráðnun jökla með gögnum frá gervitunglum, jurtir sem að koma undan jöklum, form og áferð jökla, jökla sem vettvang görninga, minningar um jökla sem eru ekki lengur til, hljóðheima jökla, litheim jökla, kortlagningu og hreyfingu.

Hver heimsókn byrjaði með því að nemendur skoðuðu jökul-listaverk á safninu og ræddu um það með samtalsaðferðum Sjónarafls – þjálfun í myndlæsi. Listaverkin voru þannig hvati til samræðna á skipulegan hátt, þar sem hver og einn nemandi fékk rými til túlkunar og tjáningar. Eftir samræðurnar fóru nemendur svo í listasmiðjuna og bjuggu til sitt eigið listaverk undir leiðsögn myndlistarmannsins sem var með smiðjuna hverju sinni.

Sýning á Barnamenningarhátíð

Verkefni nemenda voru sett upp til sýningar í sýningarskápum lestrar-salsins í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Yfir þessar tvær annir söfnuðust saman listaverk í stóra sýningu sem

Peir listamenn sem tóku þátt voru:

Anna Júlía Friðbjörnsdóttir með smiðjuna *Skilaboð frá geimnum*.

Ellen Gunnarsdóttir með smiðjuna *Ef jökullinn gæti talað*.

Guðrún Gunnarsdóttir með skúlptúrsmiðjuna *Form og áferð jökla*.

Jóni Jóns með gjörninga-smiðjuna *Jöklagledi*.

Linda Ólafsdóttir með teiknismiðjuna *Hvað leynist inni í jöklinum?*

Rósa Sigrún Jónsdóttir með textílsmiðjuna *Jöklar og jurtir*.

Úlfur Hansson með hljóð-tæknismiðjuna *Umbreyting jökla*.

Þorsteinn Eyfjörð með smiðjuna *Hljóðheimur jökla*.

Þórður Hall með grafíksmiðjuna *Litbrigði og minnstu einingar jökla*.

hleypt var af stokkunum í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík í apríl 2024. Sýningin varð þannig heildstæð jöklasýning með verkum barnanna sem tóku þátt og sýnishorn af öllum listasmiðjum í bókinni. Við formlega opnun sýningarinnar var svo ungu listamönnum og fjölskyldum þeirra boðið í ræður og veitingar eins og venjan er á opnun myndlistasýninga.

Námsefni sem styður við kennslu

Bókin er aðallega ætluð kennurum, ætluð til að lækka hindranir og auðvelda kennurum að miðla þessu mikilvæga efni. Kennarar eru sérfræðingar í miðlun og hafa sýnt þessu nýja þverfaglega námsefni mikinn áhuga. Aðalkosturinn segja

þeir að sé hve aðgengileg bókin er. Lengi hefur verið ákall frá skólakerfinu um vandað námsefni á sviði myndlistar, hannað með þarfir skólakerfisins í huga. Það er eðlilegt að opinber stofnun á sviði myndlistar miðli þeirri miklu þekkingu sem sérfræðingar safnsins búa yfir og hafi forgöngu um að miðla á þennan hátt myndrænum menningararfi þjóðarinnar. Aðferðir myndlistarinnar nýtast einnig á mun breiðari grundvelli en eingöngu til listasögukennslu. Myndlæsis hæfni yfirfærir yfir á allt myndmál, sem sannarlega er þörf á í nútímasamfélagi. Listaverk eru líka oftast en ekki spegill síns samtíma og myndlistarmenn hafa í gegnum tíðina sýnt veröldina frá nýju sjónarhorni með túlkun sinni á henni.

Útgáfunni *Ísabrot – jöklar í íslenskri myndlist* hefur verið fylgt eftir með námskeiðum fyrir kennara þar sem námsefnið er kynnt og kennarar fá að prófa nokkur verkefni úr listasmiðjum. Einnig eru haldin regluleg námskeið fyrir kennara í aðferðum *Sjónarafls* við þjálfun myndlæsis. Vel á annað hundrað kennarar hafa farið í gegnum slík þjálfunarnámskeið hjá safninu. Eru það kennarar af öllum skólastigum og úr hinum ýmsu greinum, enda nýttist aðferðafræði *Sjónarafls* við námsgreinar sem notar myndmiðla í kennslu, auk þess sem auðvelt er að yfirfæra aðferðina við skoðun á ýmiss konar safngripum og þrívíðum hlutum, .

Kennaraklúbburinn vinsæll

Enn fremur hefur Listasafn Íslands stutt við kennara með sérstökum kennaraklúbbi, þar sem kennarar og aðrir sem hafa áhuga á miðlun og kennslu, koma reglulega saman í boði safnsins og eru í beinu sambandi og samtali við fræðsludeild safnsins skv. eigin ósk. Þannig myndast milliliðalaus samskipti



Ingibjörg Hannesdóttir fræðslusérfræðingur skoðar verkið *Ísabrot* eftir Svavar Guðnason í myndlæsi með nemendum í Grunnskóla Hornafjarðar.

sem báðir aðilar hafa bæði gagn og gaman af og eru mjög mikilvæg fyrir safnið til samráðs og skoðana-skipta við þennan mikilvæga hóp. Nú eru rúmlega 300 manns skráð í Kennaraklúbb Listasafns Íslands!

Við trúum því að sú faglega ákvörðun að vinna verkefni yfir lengri tíma í samstarfi við þá sérfræðingahópa sem tengjast efninu og eiga að nota það, tryggi að gæði skili sér í náms-efnisgerð og verkefnum sem standast tímans tönn, námsefni sem kennarar geti nýtt sér ár eftir ár og gengið að vísu hjá safninu.

Ingibjörg Hannesdóttir,
sérfræðingur í fræðslu og miðlun
á Listasafni Íslands

Kjarval á Austurlandi

Verkefnið – Samstarfið – Áskoranir


„Kjarval á Austurlandi“ er tveggja ára samstarfsverkefni Minjasafns Austurlands á Egilsstöðum, Sláturhússins á Egilsstöðum og Skaftfells á Seyðisfirði með aðkomu Listasafns Íslands og Borgarleikhússins. Minjasafn Austurlands opnaði sýningu í Sláturhúsinu haustið 2024 með persónulegum munum Kjarvals þar sem fjallað er um líf hans og tengsl við Austurland. Sýningin stendur enn yfir þegar þetta er skrifað. Í kjölfar opunarinnar var fjölskylduleikritið „Kjarval“, í uppfærslu Borgarleikhússins, sett upp fjórum sinnum í Sláturhúsinu. Sýning á verkum Kjarvals var svo opnuð sumarið 2025 í Skaftfelli á vegum Listasafns Íslands og stóð fram á haust.

Verkefnastjóri verkefnisins og hönnuður sýningarinnar í Sláturhús-

inu er Hanna Christel Sigurkarlsdóttir og segir hún hér frá verkefninu.

Kjarval og Minjasafn Austurlands
Minjasafn Austurlands varðveitir stórt safn persónulegra muna Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals sem afkomendur hans ánöfnuðu safninu, en Kjarval var tekinn í fóstur á Borgarfjörð eystri þegar hann var fjögurra ára og hélt alla tíð tengslum við Austurland þar sem hann málaði mörg verka sinna.

Safnið er auk þess varðveisluaði sumarhúss Kjarvals í Kjarvalshvammi en það er lítið hús, á spildu nálægt Selfljóti í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðabíngi, sem Kjarval lét reisa 1950. Þangað vandi Kjarval komur sínar nánast árlega fram til ársins 1968 sem var síðasta



Kjarval siglir Gullmávinum niður Selfljótið.

skiptið sem hann heimsótti staðinn. Í Hvamminum geymdi Kjarval litla skektu sem hann hafði fengið á sjötugsafmæli sínu frá Ásgeiri Sigurðssyni skipstjóra og flutt með sér austur. Hann hafði lengi dreymt um að sigla frá Selfljóti yfir á æskuslóðir sínar á Borgarfirði. Sumarið 1959 varð draumurinn að veruleika en þá var Kjarval orðinn sjötíu og þriggja ára gamall. Á ferðalaginu nefndi Kjarval bátinn Gullmávin og var þetta eina skiptið sem hann notaði hann. Eftir ferðalagið var honum komið fyrir í Hvamminum og byggt utan um hann skýli.

Vegna plássleysis er aðeins lítill hluti muna Kjarvals að jafnaði til sýnis á Minjasafni Austurlands en hægt er að heimsækja Hvamminn árið um kring og kíkja inn um glugga á litla húsinu og bátaskýlinu.



Frá opnun sýningar Minjasafnsins um líf og störf Kjarvals á Austurlandi. Ljósmynd Sláturhúsið.

Hugmynd kviknar og vindur upp á sig

Haustið 2022 hóf ég störf á Minjasafni Austurlands þar sem ég leysti tímabundið af sem sérfræðingur á sviði fræðslu og miðlunar. Sagan af Gullmávinum varð mér innblástur og kveikjan að hugmynd um að gera stærri minjasýningu sem myndi fjalla um Kjarval og tengsl hans við Austurland og segja í leiðinni frá ævintýri hans með Gullmávinum. Í framhaldinu komu fram vanga-veltur um að víkka verkefnið út og leita eftir samstarfi við Sláturhúsið annars vegar og Skaftfell hinsvegar. Sú hugmynd snerist um að Sláturhúsið myndi hýsa minjasýninguna og setja upp fjölskylduleiksýningu Borgarleikhússins um Kjarval og Skaftfell myndi setja upp sýningu á verkum Kjarvals. Báðar stofnanir sýndu verkefninu áhuga auk þess sem Borgarleikhúsið var jákvætt gagnvart því að ferðast með leiksýninguna austur á land. Með þessum þremur sýningum var markmiðið að endurvekja áhuga fólks á bæði líf og list Kjarvals og ekki síður að kynna hann fyrir austfirskum börnum.

Sögusýning

Minjasýningin „Kjarval á Austurlandi“ var opnuð í Sláturhúsinu 12.



Á sýningu Listasafns Íslands í Skaftelli, Kjarval á Austurlandi, má finna landslagsmyndir frá Austurlandi. Ljósmynd Jessica Auer.



Leikmynd Borgarleikhússins fyrir verkið Kjarval uppsett í Sláturhúsinu haustið 2024. Ljósmynd Sláturhúsið.

október 2024 og eins og titillinn gefur til kynna varpar hún ljósi á ævi Kjarvals og tengsl hans við Austurland. Áhersla er lögð á ævintýri hans í Hvamminum og á Gullmávinum, sem er miðpunktur sýningarinnar, en hann var fluttur úr skýlinu við Hvamminn yfir í sýningarsal Sláturhússins. Minjasafnið geymir nokkrar skissur eftir Kjarval sem hann teiknaði á smjörpappír og voru tvær þeirra til sýnis. Að öðru leiti var ekki hægt að sýna upprunaleg verk eftir hann en reynt að fjalla um myndlistina með öðru móti.

Teknar voru ljósmyndir af nokkrum afkomendum íbúa Borgarfjarðar eystri sem Kjarval teiknaði þegar hann dvaldi þar 1926. Ljósmyndunum var svo stillt upp við hliðina á eftirmyndum teikninganna. Til að gefa tilfinningu fyrir náttúringu Kjarvals voru ljósmyndir af fjórum landslagsverkum Kjarvals af Austurlandi tvinnar saman við vídeóstíllur sem teknar voru frá sömu sjónarhornum og málverkin. Úr varð 20 mínútna myndbandsverk þar sem hver og ein vídeóstilla breytist hægt og rólega í málverkið sem Kjarval málaði. Okkur langaði einnig til að leyfa yngstu gestunum að setja sig í spor Kjarvals sem barns og bjuggum því til fönðurhorn þar sem hægt er að búa til pappírblóm úr litríkum pappírsumbúðum líkt og Kjarval gerði sem barn í Geitavík í Borgarfirði.

Leiksýning

Samhliða opnun minjasýningarinnar var leikritið „Kjarval“ sýnt fjórum sinnum í Sláturhúsinu, í samstarfi við Borgarleikhúsið. Þar er leitast við að draga upp mynd af Kjarval og byggir leikritið að hluta til á verðlaunabók Margrétar Tryggvadóttur um listamanninn. Leikstjóri sýningarinnar var Stefán



Nemendur af öllum Austurlandi hafa fengið að kynna lífi og störfum Kjarvals, bæði í Sláturhúsinu haustið 2024 og Skaftfelli haustið 2025. Ljósmynd Sláturhúsið.

Hallur Stefánsson og með hlutverk listamannsins fóru Íris Tanja Flygering og Sigurður Ingvarsson. Nemendum á miðstigi á öllu Austurlandi var boðið að koma á sýninguna og greiddi verkefnið fyrir rútukostnað til að koma nemendum til og frá Egilsstöðum. Alls heimsóttu um 320 nemendur frá 13 skólum Sláturhúsið þar sem þau sáu leiksýninguna og fengu leiðsögn um minjasýninguna.

Að flytja heila leiksýningu gerist ekki án fyrirhafnar. Aðlaga þurfti leikmyndina að sviði Sláturhússins og kom leikmyndahönnuður sérstaklega til þess að taka út rýmið og finna lausnir til að breyta leikmyndinni. Leikmyndin var svo flutt austur (tæplega 700 km) ásamt leikstjóra, leikurum, sýningastjóra, hljóð- og ljósamanni sem komu austur með þriggja daga fyrirvara og enduræfðu sýninguna.

Myndlistarsýning

Sýningin í Skaftfelli var gerð í miklu samstarfi við Listasafns Íslands og opnaði sumarið 2025. Sýningarstjórar voru þær Anna Jóhannsdóttir og Pari Stave. Á sýningunni mátti sjá landslagsmyndir eftir Kjarval frá Austurlandi og spanna tímabilið frá 1919 til 1960. Um er að ræða olíumál-

verk, vatnslita- og grafíkmyndir. Sum verkanna birta sýn Kjarvals á þekktu staði af svæðinu, svo sem Dyrfjöll og Strandatind á Seyðisfirði. Skaftfell mun bjóða nemendum á Austurlandi upp á leiðsögn um sýninguna og stutta listsmiðju haustið 2025.

Gjöfult og viðtækt samstarf

Undirbúningur minjasýningarinnar og leiksýningarinnar hófst haustið 2023. Fjármagna þurfti sýningarnar og fengust styrkir í verkefnið víða, bæði úr sjóðum og frá fyrirtækjum. Ein af áskorunum menningarstarfsemi á Austurlandi eru fjarlægðir milli byggðakjarna sem hafa áhrif á aðgengi heimamanna að viðburðum. Með samstarfi stofnana úr mismunandi byggðakjörnum skapast samlegðaráhrif þar sem viðburðirnir ná til fleiri á svæðinu og verða að auki sýnilegri. Verkefnið var hluti af BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi og barnamenningarverkefninu List fyrir alla og skapaðist með því tækifæri til að ná til barna í öllum fjórðungnum. Fjarlægðin frá höfuðborginni hefur einnig áhrif á aðgengi íbúa að menningarviðburðum sem þar eru í boði og er það virkilega gleðilegt þegar stofnanir á borð við Borgarleikhúsið sýna vilja í verki til að flytja heila

leiksýningu hinum megin á landið. Hins vegar má ekki gleyma að Sláturhúsið sjálft hefur framleitt og sett upp faglegar leiksýningar og fékk til að mynda Grímuverðlaunin 2024 fyrir uppsetningu á frumsömdu barnaleikriti, „Hollvætturinn á heiðinni“, eftir Þór Túlíníus. Það er frábært að geta boðið íbúum Austurlands upp á hvoru tveggja.

Hlutverk mitt sem verkefnastjóra var að halda utan um umsóknir og kostnaðaráætlun fyrir minja- og leiksýninguna í samvinnu við Ragnhildi Ásvaldsdóttur, Sláturhússtjóra. Einnig sá ég um að kynna verkefnið fyrir skólunum, bjóða þeim og raða niður sýningum. Sýningarsalurinn bauð upp á í mesta lagi 100 gesti en fjöldi nemenda í skólum á Austurlandi eru mismikill, allt frá 5 börnum í árgangi upp í 48, og því ákveðin kúnt að raða saman bekkjum en allt tókst það í samvinnu við skólana. Mikil ánægja var meðal nemenda og kennara með heimsóknina og hlökkum við til að kynna Kjarval enn frekar fyrir nemendum Austurlands þegar Skaftfell býður í haust upp á leiðsögn um myndlistarsýninguna með verkum hans og smíðju í kjölfarið.

Það var mikill heiður að fá að leiða þetta verkefni og um leið einstakt tækifæri til að kafa betur ofan í og kynna lífi og list Kjarvals, bæði með því að fara á slóðir hans og vera í snertingu við muni hans.

Verkefnið var hluti af BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi og styrkt af Uppbyggingarsjóði Austurlands, Safnasjóði, Múlaþingi, Landsvirkjun, Alcoa, Atlantsolíu, BRAS, List fyrir alla, Skógarafurðum, Tanna Travel, Haföldunni, Sún, Loðnuvinnslunni og MVA.

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir,
myndlistarkona og verkefnastjóra

Dúbaí og framtíð alþjóðasamstarfs safna

Alþjóðlegi safnadagurinn í ár gaf okkur tækifæri til að ræða stöðu safna í heimi sem er á margan hátt klofinn, á sama tíma og við erum tengdari en nokkru sinni fyrr. Á málþingi í tilefni dagsins kom meðal annars fram að við þurfum að leggja okkur fram um að takast á við stóru málin – siðferðilegar og pólitískar áskoranir samtímans sem við höfum oft átt erfitt með að horfast í augu við. Næsta skrefið á þeirri vegferð verður á 27. allsherjarþingi ICOM í Dúbaí í nóvember 2025, þar sem félagar í Íslandsdeild ICOM, auk fulltrúa stjórnar, munu taka virkan þátt.

Á þinginu verða tekin til umfjöllunar ýmis málefni sem varða framtíð safna á heimsvísu. Þar ber eflaust helst að nefna kosningu um

endurskoðaðar siðareglur ICOM fyrir söfn, sem miða að því að efla faglegt siðferði og ábyrgð í safnastarfi, með aukinni áherslu á inngildingu, samráð og sjálfbærni. Þetta eru grundvallarspurningar sem tengjast öllu okkar starfi en með virkri þátttöku fáum við tækifæri til að leggja okkar af mörkum við að móta reglur sem munu hafa áhrif á starf safna um heim allan á næstu árum, þótt vissulega sé ekki útséð um afdrif málsins á þessari stundu.

ICOM Nord, svæðisbandalag okkar á Norðurlöndum, kemur einnig til með að stækka á meðan þinginu stendur en stefnt er að því að Eystrasaltslöndin – Eistland, Lettland og Litáen – bætist í hópinn. Þessi stækkun mun styrkja rödd okkar innan samtakanna og á alþjóðavettvangi, með breiðari samstöðu í norður- og austurhluta Evrópu, í takt við aukið menningarsamstarf á svæðinu á liðnum árum. Þetta eykur ekki aðeins styrk svæðisbandalagsins heldur veitir Eystrasaltslöndunum sömuleiðis aukinn stuðning, sem þau hafa óskað eftir með hliðsjón af þeirri ógn sem steðjar nú að þeim úr austri.

Annað mikilvægt mál sem verður á dagskránni í Dúbaí er kosning um það hvar næsta allsherjarþing, árið 2028, verður haldið en valið stendur á milli tveggja borga sem við þekkjum flest vel: Rotterdam og Osló. Íslandsdeildin hefur þegar lýst yfir stuðningi við Osló og norsku landsdeildina í gegnum ICOM Nord og þannig stutt framboð þeirra á öllum stigum ferlisins. Með því

að vera virk í Dúbaí getum við enn frekar lagt okkar lóð á vogarskálarnar og sýnt í verki hvað Norðurlöndin hafa fram að færa, í formi samstöðu og samvinnu. Slík samstaða er ekki aðeins táknræn – hún getur ráðið úrslitum um það hvort raddir okkar hér á Norðurlöndum muni njóta áheyrnar á þessum vettvangi á næstu árum.

Að sjálfsögðu fylgja því einnig áskoranir að mæta til Dúbaí, þar sem þau mannréttindi sem við teljum sjálf-sögd eru brotin. Þetta er óþægileg staða en að sama skapi tækifæri til að standa vörð um þau gildi sem við viljum í heiðri hafa og höfum barist fyrir. Með því að mæta erum við nefnilega jafnframt að axla ábyrgð – að taka þátt í samtalinu, beita okkur innan frá og standa með þeim sem vilja styrkja og efla safnasamfélagið með góð gildi að leiðarljósi.

Þátttaka Íslandsdeildarinnar í allsherjarþinginu í Dúbaí er því bæði siðferðileg og pólitísk áskorun, ekki síður en stefnumótandi ákvörðun. Hún snýst um að viðurkenna að söfn eru ekki einangruð heldur hluti af alþjóðlegu neti sem setur svip sinn á framtíðina. Með því að vera sýnileg í Dúbaí erum við ekki aðeins að taka þátt í umræðum um málefni líðandi stundar – við erum einnig að leggja grunninn að þeirri framtíð sem við viljum öll byggja upp saman.



Museum of the Future, Dúbaí.
Ljósmynd: Domenico Convertini.

Hólmur Hólm, formaður Íslandsdeildar ICOM og ritari ICOM Nord

Um sameiningar safna

Viðtal við Guðbrand Benediktsson safnstjóra Borgarsögusafns Reykjavíkur

Sameiningar safnastofnana hafa átt sér stað á undanförunum rúmum tveimur áratugum og einna helst vegna sameininga sveitarfélaga. Dæmi um slíkt er sameining safna á Norðurlandi í Menningarmiðstöð Þingeyinga árið 2007 og á Austurlandi, þar sem Safnastofnun Fjarðabyggðar var mynduð árið 2003. Þann 1. júní 2014 tók Borgarsögusafn Reykjavíkur til starfa, en það safn var stofnað utan um starfsemi fjögurra safna (Sjóminjasafnsins, Árbæjarsafns, Landnámssýningarinnar og Ljósmyndasafns Reykjavíkur) og menningarstarfsins í Viðey. Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur, hefur stýrt safninu frá stofnun og tók þátt í sameiningarferlinu fram að því. Kvistur leitaði til hans og lagði fyrir hann nokkrar spurningar í tengslum við sameiningarmál safna.

Hvaða augum lítur þú almennt á umræðu um sameiningu safna?

Ég held að svona umræða eigi í eðli sínu alltaf rétt á sér, hvort heldur um er að ræða söfn eða aðrar menningarstofnanir. Það er eðlilegt að stöðugt sé verið að rýna starfsemina og reksturinn og horft til tækifæra til að gera betur. Oft er slík umræða sprottin af fjárhagslegum grunni, spurningar um nýtingu á fjármagni, aðstöðu, mannaudi og slíkt. Stundum eru þetta spurningar um hagræðingar á þeim grunni, sem maður geldur svolítið varhug við þar sem menningastofnunum er oftast ekki þröngur stakkur skorinn. Þannig að ég held að það þurfi að fara varlega í ákvarðanatökur ef svo ber undir. En umræðan er, held ég, alveg þess virði að hún eigi sér stað og þá er eðlilegt að safnafólk taki þátt í henni, segi sýna skoðun, leggi fram hugmyndir og segi jafn-

framt frá sinni reynslu, sem getur tvímælalaust verið gagnlegt.

Hvað er það helst sem þér finnst almennt vanta í umræðu um sameiningar safna?

Mér finnst hún almennt ekki vera komin mikið upp á yfirborðið eða í almenna umræðu. Maður heyrir af ýmsum hugmyndum, en þær hugmyndir sem hafa orðið til í stjórnsýslunni virðast í raun ekki hafa ratað af nokkurri dýpt inn í hina almennu umræðu, ef svo má segja. Síðan þegar hagræðingahugmyndir ríkisstjórnarinnar komu fram fyrr á árinu um að koma á fót Safnastofnun Íslands, þá veit maður ekki alveg hvað það felur í sér. Þetta er mjög afgerandi hugmynd, en þar er lagt til að sameina Listasafn Íslands, Listasafn Einarssonar, Gljúfrastein og Þjóðminjasafn Íslands. Það myndi væntanlega kalla á lagabreytingar og hvað eina. Breytingum getur auðvitað fylgt ýmis tækifæri, nýtt blóð og ferskar hugmyndir, breytt skipulag og breytt verklag og breyttar áherslur sem geta verið af hinu góða. Sérstaklega ef umhverfið er staðnað, þó að ég sé sannarlega ekki að halda því fram í þessu tilfelli. En ég held að hvað það varðar þá hefur umræðan ekki náð nægilega vel á dýptina um þær tillögur sem fram komu í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar. Maður veit í raun ekki hvað þetta felur í sér, hvað hangir þarna á spýtnni og hver útkoman yrði. Einn gallinn við umræðuna sem er í hálfkveðnum vísunum er sá að hún getur



Við upphafverkefnisins Fornar rætur Árbæjar, sumarið 2016.

verið klafi á starfseminni sem er til umræðu. En þá getur viðkvæðið verið það innan þeirra stofnana sem eru í umræðunni að það taki því ekki að byggja eitthvað upp vegna þess að mögulegar breytingar eru í farvatninu. Það er með öðrum orðum ekki gott fyrir menningastofnanir að hafa slíkt vandi yfir sér í langan tíma, að kannski verði sameinað. Það getur verið dragbítur á eðlilega uppbyggingu, jafnvel ávísun á stöðnun og niðurskurð.

Ef ég sný mér að því sem átti sér stað við sameiningar Reykjavíkurborgar og úr varð Borgarsögusafn Reykjavíkur, þá var hluti af ástæðum þess að sú hugmynd var tekin til skoðunar af fjárhagslegum rótum spröttinn. Eftir hrúnið var róðurinn orðinn nokkuð þungur fyrir Sjóminjasafnið, sem var stofnað árið 2001 og opnað 2005. Safnið var sjálfseignarstofnun og rekið með stuðningi Reykjavíkurborgar, Faxaflóahafna og ýmissa fyrirtækja. Nokkrum árum eftir opnun þess stóð safnið frammi fyrir því að það yrði mögulega að loka safninu ellegar að borgin myndi taka yfir rekstur þess. Árið 2014 kom upp sú hugmynd, sem Einar Örn Benediktsson þá formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur talaði fyrir að ef sú leið yrði farin, að borgin tæki safnið yfir, að þá ætti að skoða þann möguleika að sameina söfn borgarinnar sem þá voru Árbæjarsafn og Landnámssýningin í Aðalstræti auk Ljósmyndasafns Reykjavíkur og starfseminnar í Viðey. Í framhaldinu voru fengnir til ráðgjafar til að gera fýsileikakönnun og svo farið í vinnu með starfsfólki þessara stofnana og fleiri aðilum. Þetta var jafnframt rætt meðal stjórnmálamanna í fagráði og víðar. Í kjölfarið á því voru sett fram ákveðin og skýr markmið með fyrirhugaðri sameiningu, sem voru leiðarljós í áframhaldandi vinnu með hugmyndina um sameiningu



Opnun varðveisluhúsnæðis Borgarsögusafns 2015.

þessara stofnana. Saga og menning Reykjavíkur lá þarna til grundvallar og má segja að þetta hafi verið jákvætt skref í því að skerpa á tilgangi og markmiðum safnanna, sem öll, hvert með sínum hætti, voru að sinna sögu Reykjavíkur. Hagkvæmni í rekstri var hluti af þessu ferli, en sameiningin var ekki gerð á forsendum fjárhagslegs niðurskurðar. Þetta var ekki umræða um hreina hagræðingarsameiningu, þannig séð, heldur einnig umræða um aukna fagmennsku og styrk stofnunarinnar. Sem dæmi var horft til þess að ákveðnir sérfræðingar gætu sérhæft sig enn frekar í störfum sínum, að verkaskiptingin væri skýrari og áherslan á verkefnin sömuleiðis. Einnig var litið svo á að verkefnin yrðu fjölbreyttari á fleiri en einni starfsstöð, þannig að starfsumhverfið átti að geta orðið meira gefandi fyrir starfsmenn. Með einföldum má því segja að samlegð myndi aukast og að stofnunin yrði burðugri til að takast á við ýmis verkefni, vera með sterkari rödd og þar með slagkraft. Það má kannski segja að þetta hafi gengið eftir í fyrsta stóra verkefninu eftir sameininguna er farið var í endurnýjun á húsnæði og grunnsýningu Sjóminjasafnsins.

Þegar það var komið vel á veg og við sáum fyrir endann á því verkefni, þá var okkur falið annað stórt verkefni af borgarráði sem var tillaga að sýningu í elsta húsi Reykjavíkur í Aðalstræti 10 í Kvosinni. En forsendan fyrir því að borgin keypti það hús var að breyta því í safn og tengja það við Landnámssýninguna. Er þarna var komið við sögu var traust borgaryfirvalda orðið mikið á Borgarsögusafninu til að taka að



Safnstjórnin í sínu finasta þúsi. Ljósmynd Ragheiður Jósúasdóttir.

sér ný, umfangsmikil og krefjandi verkefni. Með öðrum orðum, þarna var safnið orðið stærra, með meira fjármagn, breiðari skírskotun og gat þannig tekist á við stærri verkefni. Safnið varð einnig burðugra til að taka þátt í verkefnum í samstarfi við söfn erlendis og þannig sótt í sjóði um stærri alþjóðlega styrki. Það sóknarfæri hefur að einhverju leyti gengið eftir en mætti auka enn frekar.

Að hversu miklu leyti finnst þér að starfsfólk safna eigi að taka þátt í umræðum um sameiningu þeirra stofnana sem ætlunin er að sameina?

Ég held að starfsfólkið sé algerlega ómissandi í að taka þátt í svona vinnu, fólkið sem hefur þekkingu á starfseminni. Það er vissulega svolítið andlag í þessu og þá er því stundum varpað fram að það sé óheppilegt þar sem verið er að fjalla um þeirra eigin starfsvettvang. En á móti kemur að þá eru það fáir sem þekkja starfsvettvanginn betur en þau. Það er einnig verið að fjalla um þeirra vinnu og verkefni og því ráðlegt að slíkir fagaðilar séu þátttakendur í þeirri framtíð sem um ræðir. Það væri í raun afar undarlegt að ganga fram hjá því fólki. Að sjálfsögðu er það sjálfsagt að stjórn-mála-fólk fjalli um þetta og hef ég þá sýn að það fólk séu fulltrúar fólksins og endurspegli þannig samfélagið sem við þjónum. Þau hafa ólíkar skoðanir, ólíkar hugmyndir og eru ólíkir einstaklingar, með mismunandi bakgrunn og allt það og geta komið með margt gagnlegt inn í svona umræðu á þeim forsendum. Jafnframt held ég að það sé mjög gagnlegt að hafa rýnihópa sem eru þá ákveðnir hagaðilar eins og til dæmis úr menntakerfinu eins og grunn-, mennta- og háskóla-samfélaginu. Við höfum gert þetta í tengslum við einstaka sýningar sem við höfum sett upp en þá höfum við gert kannanir eða nokkurs konar viðtakendagreiningu (e. front-end-



Götuhatíð í tilefni af opnun Adalstrætis. Starfsmenn frá öllum starfsstöðvum Borgarsögusafns hjálpuðu til. Ljósmynd Roman G.

evaluation) með slíkum rýnihópum og spurningalistum. Þá höfum við lagt fyrir hópana spurningar á borð við: Hvað viljið þið sjá? Hvaða sögu viljið þið sjá? Hver eiga efnistökin að vera? Og svo framvegis. Við gerðum þetta á Sjóminjasafninu, fyrir sýninguna í Adalstræti og í Kornhúsinu á Árbæjarsafni sem fjallar um skóla-starf, sem dæmi.

En hvað segir þú um þá gagnrýni að þetta sé ekki nóg til að virkja hinn almenna borgara til þátttöku í svona sameiningarvinnu?

Ég er fylgjandi því eftir því sem við verðum komið og á ekki að verða til þess að flækja málin. Reykjavíkurborg hefur sem dæmi lagt sig eftir aðkomu almenninga s.s. varðandi skipulagsmál, en þá eru haldnir

kynningafundir. Við vorum með slíka kynningafundi á Sjóminjasafninu á sínum tíma, þegar sameiningarferlið var komið af stað. En það er auðvitað þannig að fólk sýnir svona málum misjafnan áhuga. Auðvitað er hægt að gera kannanir en þá vaknar sú spurning að hverju á að spyrja. Ef við hugum aftur að umræðunni um sameiningar og segjum að með slíkum hugmyndum sé ekki verið að stefna að skerðingu á þjónustu, eins og að Sjóminjasafnið og Ljósmyndasafn Reykjavíkur yrðu áfram til, þá er það kannski á þeim nótum sem það snertir almenning eða hinn almenna borgara einna mest. Vissulega eru þessar stofnanir reknar fyrir opinbert fé og stjórn-mála-menn ábyrgir fyrir því að því fé sé vel varið en oft eru það



smærri verkefni sem fá meiri athygli en stóra myndin. Í sjálfu sér er ég ekki með svör á reiðum höndum hvernig hægt væri að gera stórar skipulagsbreytingar lýðræðislegri, eins og í tilfelli sameiningarinnar hjá Reykjavíkurborg á sínum tíma, en það má hæglega hugsa sér slíkar lausnir í dag eins og samráðsgátt. Slíkur vettvangur er til fyrir rekstur ríkisins og er þar hægt að setja fram athugasemdir, sem í sjálfu sér er mjög lýðræðislegt. En að öllu jöfnu er það alltaf spurning hverjir það eru sem sýna svona málum áhuga og yfirleitt eru það einhverjir hagaðilar sem láta sig málin varða. Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir kannski mestu máli að fólk sé spurt að því hversu mikils virði því finnst að svona starfsemi sé til staðar. Það kemur auðvitað að einhverju leyti fram í gestakönnunum sem við

gerum, en þá erum við að glíma við þá takmörkun að þeim er bara svarað af þeim sem koma á söfnin. Og einnig eru þær oft þröngar, þar sem verið er að spyrja um hvernig fólk kom á safnið, hvar það heyrði af því, en einnig tímalengd heim-sóknar, upplifun og svoleiðis. En Reykjavíkurborg hefur lengi gert viðhorfskannanir annað hvert ár til þeirrar þjónustu sem hún býður upp á og þar hafa söfn eins og Borgar-sögusafn, Listasafn Reykjavíkur og Borgarbókasafn skorað mjög hátt. Fólk er mjög ánægt með starfsemi þeirra og þjónustu. Það er mikið haldreipi fyrir okkur og hvatning.

Á þeim rúmu 10 árum sem Borgar-sögusafnið hefur starfað, hverjar eru helstu áskoranir sem þú sem safnstjóri hefur þurft að glíma við á grundvelli sameiningarinnar?

Fyrsta stóra verkefni hjá okkur eftir sameiningu snéri að Sjóminjasafni-inu. Að borgarvæða það, ef svo má að orði komast, en með því á ég við að koma t.d. stefnum og starfsmann-málum inn í kerfi borgarinnar. Það þurfti einnig að koma safnkosti fyrir í boðlegu varðveisluhúsnaði og bæta skráningu, jafnframt þurfti að endurnýja húsnaðið við Granda-garð að stórum hluta og gera þar nýja grunnsýningu.

Að búa til einn vinnustað úr þessum stofnunum sem sameinuðust var auð-vitað gríðarleg áskorun. Þær stofnanir sem voru sameinaðar voru sumar rötgrónar, eins og Árbæjarsafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og að ein-hverju leiti Sjóminjasafnið, en þessi söfn höfðu auðvitað hvert um sig sína menningu og starfshætti. Að sam-ræma þetta hefur því verið áskorun og að fylkja samstarfsfólkinu um nýja heildarsýn fyrir nýja stofnun.

Önnur praktísk mál sem hefur reynt á er svo það að við erum dreifð um borgina. Sumir er fastir á sínum stað, á meðan aðrir þurfa að vera

mikið á flakki á milli starfsstöðva. Einhverjir færðust til í verkefnum, aðrir fengu framgang og svoleiðis. Samræmingarferlin hvað þetta varðar var því stór áskorun, þar sem verið var að búa til eina stofnun úr mörgum. Samræmingin hefur því verið eitt stóra málið og ekki síst, að búa til heildarstefnu fyrir hið nýja safn. Áratugurinn hefur einnig einkennst af stórum verkefnum sem safnið hefur tekist á við. Ég er búin að nefna Sjóminjasafnið og Aðalstræti 10, en get nefnt til við-bótar sýningarhúsið á Árbæjarsafni fyrir eimreiðina sem við varðveitum og varðveisluhús á Esjumelum sem hefur verið tekið í notkun, en allt eru þetta stór skref sem hafa verið tekin á þessum áratug. Ég get ekki annað sagt en að borgaryfirvöld hafa staðið með okkur í kjölfar sameiningarinnar, þar sem miklir fjármunir hafa farið í þessi tilteknu verkefni. Aðrar áskoranir hafa svo verið að mæta aðhaldi ár hvert, eins og gengur, þannig að reksturinn hefur ekki þanist út. Það hefur einnig verið mikil áskorun fyrir mig og marga mína kollega að setja sig inn í fjölbreytt verkefni um alla

Kjörorð
Borgarsögusafn Reykjavíkur

Upplifðu söguna!

Miðverk Borgarsögusafns Reykjavíkur
Að minni, dýrlegri, velferð og menningu borgarinnar og borgarinnar sem er aðhaldandi fyrir menningarfélög borgarinnar.

Ég er að minni vega og menningarfélög borgarinnar og borgarinnar sem er aðhaldandi fyrir menningarfélög borgarinnar.

Árinn 2023-2027



Kjörorð safnsins hanga uppi á öllum starfsstöðvum þess.



Við formlega opnun Aðalstrætis 10, Dagur Eggertsson, þáverandi borgarstjóri, heldur ræðu fyrir starfsfólk safnsins og gesti. Ljósmynd Roman G.

borg, ef svo má segja. Þetta eru margar starfsstöðvar og verkefnið þar af leiðandi margbrotin.

Að hvaða leyti finnst þér að Borgarsögusafns-módelið varðandi sameiningar geti verið fyrirmynd að sameiningu safna á landsvísu?

Til að byrja með væri það þá fyrst að hafa fjölþætt samráð og markmiðssetningu. Fyrsta spurningin hlýtur að vera sú: Til hvers erum við að þessu? Hverju viljum við ná fram og hver eru markmiðin? Þetta þarf að vera skýrt. Samtalínu fylgir svo auðvitað upplýsingagjöf og fólk þarf að finna það hafa eignarhald í verkefninu. Það er auðvitað þannig að það ná ekki allar skoðanir eða hugmyndir fram að ganga, en ef að samtalið á sér stað þá verður einhver sameiginleg niðurstaða. Það tryggir þá kannski það að fólk fylgir því eftir. Ég held að það sé alltaf æskilegast að það komi fleiri að svona vinnu en færri, að það sé ekki þröngur hópur sem vinni að svona málum. Þetta eru almannastofnanir sem skipta samfélagið gríðarlega miklu máli fyrir lífsgæði og velferð fólks. Það er mikilvægt að hafa það

einnig í huga og þar með að ekki sé fjallað um sameiningar eingöngu út frá einföldum fjárhagslegum mælikvörðum. Almenn sagt held ég að stjórnmálafólk hafi tilfinningu fyrir gildi menningarstofnana og kemur það meðal annars fram í háttíðaræðum og svoleiðis. Það kemur hins vegar kannski ekki alltaf fram í fjárveitingum til daglegs reksturs, en engu að síður er það mikilvægt að fólk virði gildi þessara stofnana. Svo er það einnig mikilvægt að farið sé einhverskonar gagnagreiningu, hvort sem það eru fjármál, hver sé safnkosturinn, skráningarvinna, sýningarstarf, aðgengi, fræðslustarf, gestafjöldi, viðhorf almennings og svo framvegis. Að umræðan sé byggð á einhverjum grunni heildarmyndar, þar sem innra starf safnanna er tekið með í reikninginn, starf sem er oft á tíðum ekki mjög sýnilegt en mjög mikilvægt og verðmætt.

Hefur starfsemin á starfsstöðum safnsins, sem eru fimm, mikið breyst eftir sameininguna?

Starfsemin á Árbæjarsafni og Ljósmyndasafni Reykjavíkur hefur á ýmsan hátt haldist eins og verið var

áður, enda verið að vinna þar með safnkost, skráningu og rannsóknar, til að mynda á byggðasögu með húsakönnun og fornleifaskráningu og annað sem þarf að halda sér óbreytt. En á sama tíma hefur þar margt tekið breytingum á grundvelli hreyfanleika starfsfólks innan stofnunarinnar og því ný verkefni og áherslur komnar til sögunnar.

Ég held að meiri slagkraftur hafi komið fram eftir sameininguna og get ég nefnt sýningarstarfsemina sem dæmi og hef aðeins komið inn á. Sjóminjasafnssýningin dró til sín mikið fjármagn á sínum tíma. Safnið var eiginlega allt lagt undir í það verkefni og kom það sér ágætlega, ekki síst til að hrista saman hópinn í hinu nýstofnaða safni. Gerð var gangskör í skráningarvinnu safnsins og samstillt átak var gert í því að innleiða safnkost Sjóminjasafnsins inn í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp. Sú vinna var gerð samhliða annarri skráningarvinnu safnsins og hefur orðið til þess að Borgarsögusafnið er leiðandi aðili í þróun Sarps.

Fræðslustarf safnsins hefur einnig tekið breytingum og eflst, en nú er hægt að mæta mun betur óskum um slíka þjónustu með fjölbreyttari dagskrá fyrir öll skólastig og ólíka hópa samfélagsins. Sem dæmi, fer starfsfólk í fræðslustarfi nú mikið á milli starfsstöðva til að sinna þessu hlutverki. Á safninu hefur til að mynda verið lögð áhersla á ýmis atriði og gildi sem hafa verið til umræði í hinum alþjóðlega safnaheimi síðustu ár, svo sem varðandi inngildingu sem jafnframt er ákveðið lykilstef í Menningarstefnu Reykjavíkurborgar. Að sjálfsögðu göngum við í takti við hana og reynum að tryggja sem best samtal við samfélagið sem við þjónum.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson,
prófessor í safnafræði.

100^{ÁRA}
LEJ



Höggmynda-
garðurinn
er alltaf
opinn



Takk fyrir samveruna
í rúm 102 ár!



LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR

📍 Hallgrímstorgi 3, 101 Reykjavík

☎ Sími: 551 3797

📷 #listasafneinarsjónssonar

📱 @Listasafn Einars Jónssonar

🌐 www.lej.is

✉ lej@lej.is

hönnun | myndunartí

Opið alla daga kl. 12.00–17.00 | lokað mánudaga

Um áramót tekur Listasafn Íslands við rekstri safnsins.



SKÓGASAFN



NORSKA
HÚSIÐ

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla



Formáli að safna- fræði- greinum

Á undanförunum árum hafa nemendur í safnafræði við Háskóla Íslands þurft að gera verkefni sem fjalla um söfn og gjafir til þeirra. Þó svo að gjafir séu einn af hornsteinum safnastarfs á heimsvísu, þá er sá þáttur í starfsemi þeirra mjög lítið rannsakaður. Verkefnin sem nemendur í safnafræði hafa leyst af hendi hafa sýnt fram á mikilvægi gjafa, en einnig hversu flókin og vandmeðfarnar þær eru fyrir söfn að meðhöndla. Medfylgjandi greinar eftir þær Bryndís og Ásdísi byggja á verkefnum sem þær unnu í námskeiðinu Safn og samfélag: Sirkus dauðans? vorið 2025 og varpa áhugaverðu ljósi á það hvernig íslensk söfn takast á við gjafir til þeirra í starfsemi sinni.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson,
prófessor við HÍ.

Viðtal um servíettu- söfnun

Servíettusöfnun var eitt af ein-kennandi áhugamálum íslenskra stúlkna á fyrri tíð og hefur sú hefð lifað áfram í minningum margra. Margar mæður og ömmur segja gjarnan frá þessum leik þegar þær rifja upp barnæsku sína og þannig hefur sagan varðveist á milli kynslóða. Enn í dag eru til fjölmargar konur sem vilja halda í þessa hefð og varðveita hana með rituðum frásögnum eða safngögnum.

Á samfélagsmiðlum má enn finna áhugasama safnara sem skiptast á servíettum, gefa úr eigin söfnum eða miðla áfram til annarra áhugasamra. Þar kynntist ég hópi safnara sem heldur hefðinni á lofti, og í framhaldinu hafði ég samband við Jónu Imsland sem hefur sinnt þessari iðju allt sitt líf.

Ég hitti Jónu á Brikk í Hafnarfirði til að fræðast nánar um servíettusöfnun stúlkna á Íslandi. Þessi iðja stúlkna hafði áður verið rík hefð um allt land. Jóna safnaði servíettum eins og flestar stallsystur hennar þegar hún var stúlka.

Jóna fæddist árið 1960. Á æskuár-unum voru servíettur ekki eins algengar og í dag, svipað og var með epli, sem voru aðallega fáanleg um jólin. Servíettur voru því oftast fengnar á hátíðum, jólum og páskum.

Stærsti hluti af servíettusöfnunni var að betla servíettur. Stelpurnar gengu í hús, bönkuðu á dyr heimila og spurðu þann sem kom til dyra hvort viðkomandi ætti servíettur. Oftast voru það húsmæðurnar sem komu til dyra. Margar konur sem tóku á móti stelpunum vissu að þær myndu koma og höfðu því oft tekið servíettur til hliðar fyrir þær. Jóna sagði að eitt ákveðið heimili hefði verið sérstaklega vinsælt, þar voru þeim gefnar nýbakaðar smákökur með servíettunum. Stelpurnar notuðu oft tóma smáköku-, náttkjóla- eða konfektikassa undir söfnin sín.

Annar hluti af servíettusöfnuninni var að skiptast/bíttu á servíettum. Jóna nefndi að servíettur hefðu þótt misverðmætar og þóttu japanskar servíettur sérstaklega verðmætar. Japanskar servíettur voru afar þunnar, gegnsæjar og var oft skipt á tveimur venjulegum á móti einni japanskri. Nálægt páskunum voru fermingar haldnar og þar voru til fermingarservíettur. Á þeim servíettum var oftast mynd af fermingarstúlku eða dreng ásamt nöfnum þeirra í gylltum stöfum. Þegar kom að afmælisdögum var ekki mikið um servíettur.


Jóna mundi eftir servíettum sem komu frá Umferðarráði þegar börn áttu afmæli. Hún sagði að á þeim

hefðu verið teikningar af löggum sem var að kenna umferðarreglurnar. Það er stutt síðan Jóna sá það flottasta servíettusafn sem hún hefur séð. Kona í Hafnarfirði á það. Hún lét búa til kassa sem pössuðu nákvæmlega fyrir servíetturnar, pantar einnig servíettur frá útlöndum. Safnið hennar er miklu þróaðra en stelpna fyrir 50–60 árum.

Jóna sagði svo: „Þetta er svona stúlknameningin í rauninni – þetta að safna servíettum. Og mér skilst að þetta sé ekki mikið gert í dag. Ekki er lengur gengið á milli húsa“. Ástæðan fyrir því að Jóna hóf að safna servíettusöfnum var sú að hana langaði til að þessi stúlknameningin glataðist ekki – að einhvers staðar yrði haldið utan um hana, að hún yrði skrásett og vonandi sýnd við eitthvert tækifæri á barnamenningarhátíðum eða öðrum viðburðum.

Jóna grófflokkaði servíetturnar í bunka eftir tegundum: jóla-, páska- og afmælistservíettur og svo hvern flokk fyrir sig í fleiri innri flokka og svo framvegis. Bunkarnir voru gífurlega stórir og voru settir í bananakassa. Stærsta safnið var þéttþakkað í sex bananakassa. Jóna óskaði þess að gefa söfnin til safna og hafði samband við Byggðasafnið í Hafnarfirði. Hún spurði hvort þau vildu þyggja og varðveita safnið. Þau svöruðu því strax játandi og hún var hæstánægð með viðbrögðin.

Sögur um servíettusöfnun fylgdu með bunkunum. Hún safnaði sögum frá fólki um servíettusöfnun í Facebook-hópi tileinkuðum servíettusöfnurum og bað fólk um að senda sér skemmtilegar sögur. Ein sagan gerðist í litlu þorpi þar sem orðalagið „að sníkja servíettur“ var notað í stað „að betla servíettur“, en ýmist var notað. Stúlkurnar sem gengu á milli allra húsa til að sníkja servíettur geymdu sér ákveðið hús þar til síðast en í síðasta húsinu fengu þær alltaf



Á facebook má finna hóp fyrir servíettusafnara.

kökur og kakó. Þess vegna tók sú sem sendi söguna sér alltaf sérstakan tíma fyrir síðasta húsið.

Önnur skemmtileg saga fjallar um stúlku sem bjó í bæ í dal. Á veturna var oft ófært og erfitt að komast heim til fjölskyldna sinna og börnin á bæjunum voru því í heimavistar-skóla. Stúlkan átti ofboðslega flott servíettusafn heima hjá sér, þar á meðal mikið af fingerðum japönskum servíettum sem hún geymdi í kassa. Einu sinni þegar hún kom heim í jólafrí uppgötvaði hún að klósettpappírinn hafði klárast einhverntíman áður en náðist að kaupa meira og á þeim tíma notaði fólk oft dagblöð eða annað slíkt í stað klósettpappírs. Pabbi hennar fann nokkur bréf sem hann taldi hægt að nota – en í ljós kom að þetta voru verðmætu servíetturnar!

Menningararfur getur falist í látlausum hlutum sem geyma í sér samfélagsleg gildi, tilfinningar og

samskiptamynstur. Servíetturnar voru ekki einungis fallegir safngripir, heldur einnig lifandi vitnisburður um leikgleði, smekk og félagsleg samskipti stúlkna á ákveðnu tímabili. Með þessu safni vildi Jóna skapa rými þar sem þessi þáttur barnamenningar fengi að njóta sín og yrði tekinn alvarlega sem hluti af þjóðararfleifð. Þannig lagði Jóna sitt af mörkum til að varpa ljósi á mikilvægi þess að varðveita og meta fjölbreyttar birtingarmyndir menningararfs.

Ásdís Thu Minh Huynh,
nemi í safnafræði

Safngjafir og fölsuð listaverk

– Áskoranir og ábyrgð listasafna

Síðastliðið ár hefur umræðan um listaverkafalsanir sprottið upp á ný. Margir muna eftir hinu alræmda stóra málverkafölsunarmáli sem kom upp í lok níunda áratugs síðustu aldar, en nú hafa aftur vaknað grunsemdir um svipuð mál. Listasafn Íslands hefur því lagt aukna áherslu á að rannsaka þessi mál og fræða almenning á nýjan leik.

Í apríl 2025 opnaði listasafnið sýninguna „Ráðgátan um Rauðmagann og aðrar sögur um eftirlíkingar og falsanir.“ Markmið sýningarinnar er að auka skilning almennings á málverkafölsunum, sem eru oft bæði flóknari og algengari en margir gera sér grein fyrir. Ólafur Ingi Jónsson, fyrrverandi forvörður safnsins, kveikti á þessari umræðu í kjölfar annarrar sýningar safnsins fyrir tveimur árum. Sú sýning byggði á gjöf frá listaverkasafnara og vakti spurningar um hvernig söfn meðhöndla slíkar gjafir. Í kjölfarið var ákveðið að takast á við þetta viðfangsefni af fullri alvöru og styrkja vitundarvakningu um málverkafalsanir.

En hversu flókið er það í raun að taka við slíkum gjöfum? Og hvernig er tryggt að þær séu réttilega metnar og meðhöndlaðar innan safnkostsins? Þetta eru spurningar sem Listasafn Íslands vinnur nú að því að svara með aukinni fagmennsku og gagnsæi.

Safngjafir: menningarlegt og siðferðilegt verðmæti

Gjafir til safna eru áhugavert og margþætt viðfangsefni sem snerta bæði menningarlega, sögulega og siðferðislega þætti safnastarfsemi. Frá upphafi hafa einstaklingar, fjölskyldur og stofnanir gefið listasöfnum verk til að varðveita og miðla listaverkum til framtíðar. Þegar um listaverk er að ræða getur slík gjöf einnig verið leið til að heiðra listamanninn, gefandann sjálfan eða auka viðurkenningu listasafnsins sem tekur við gjöfinni.

Eitt dæmi um slíka gjöf er einkasafn sem afhent var Listasafni Íslands árið 2022 til framtíðarvörslu. Gjöfin kom frá athafnahjónunum Þorvaldi Guðmundssyni, betur þekktum sem Tolla í Síld og fisk, og konu hans Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Þau söfnuðu á ævi sinni yfir 1400 verkum eftir helstu listamenn Íslands, sem gerði gjöfina að einstöku framlagi til safnsins.

Eftir afhendingu til safnsins hefur verið unnið markvisst að því að skrá og varðveita verkin. Í mars 2023 opnaði síðan sýningin „Einkasafnið“ á Listasafni Íslands þar sem valin verk úr gjöfinni voru sýnd. Sýningin var liður í því að gera safneignina sýnilega og viðhalda hugsjón gefendanna um að listin væri opin og aðgengileg almenningi. Með

sýningunni gátu gestir fylgst með skráningarferlinu í rauntíma og fræðst um verkin, sem hefur stuðlað að aukinni vitund um safnið og starfsemi þess. Í kjölfar sýningarinnar vöknudu hins vegar grunsemdir um að fölsuð verk kynnu að leynast meðal safngripanna.

Saga málverkafalsana á Íslandi

Síðastliðin tvö ár hefur umræðan um listaverkafalsanir náð nýrri hæð. Margir þekkja til hins stóra málverkafölsunarmáls frá árunum 1990–2001, þegar hundruð vafasamra verka höfðu ratað inn á íslenskan listamarkað. Í kjölfarið hófst umræða um áreiðanleika listaverka og nauðsyn strangari sannprófunar og skráningar hjá listasöfnum. Málið varpaði ljósi á skort á formlegum ferlum við sannvottun og nauðsyn skýrari verklagsreglna, bæði á listasöfnum og á listamarkaði. Þetta sýnir hversu flókið getur verið að taka við gjöfum, en þótt þær geti auðgað safnið og menningu þjóðarinnar, fela þær einnig í sér áhættu.

Áskoranir við móttöku safngjafa

Safngjafir eru flókið fyrirbæri sem snerta ekki aðeins fagleg og menningarleg atriði, heldur einnig siðferðileg og tilfinningaleg álitamál. Gjafendur geta átt erfitt með að slíta sig frá verkum sem þeir hafa safnað árum saman, fjölskyldumeðlimir

geta verið ósáttir við afhendinguna, og söfnin sjálf standa oft frammi fyrir áskorunum varðandi pláss, fjármagn og sérfræðipækkingu. Síðastliðin ár hafa íslensk listasöfn reglulega staðið frammi fyrir þessum áskorunum.

Stórar gjafir krefjast faglegra vinnubragða við skráningu og sannpröfun allra verka til að koma í veg fyrir að fölsuð verk slædist inn í safneignina. Ef fölsuð verk koma síðar upp geta myndast erfið ágreiningsefni við gjafara eða erfingja þeirra. Það kallar á skýrar verklagsreglur og viðbragðsáætlanir til að tryggja fagmennsku og gagnsæi.

Þar að auki eru dæmi um að söfn hafni gjöfum, ekki vegna þess að verkin séu fölsuð, heldur vegna þess að þau eru umdeild, illa skráð eða að safnið hefur ekki nægilegt rými eða fjármagn til að varðveita þau. Slík mál varpa ljósi á flókin gjafatengsl milli einstaklinga og listasafna. Gjafir byggjast á trausti og virðingu, en geta líka skapað siðferðileg

álitamál þegar uppruni eða gæði gjafarinnar eru dregin í efa.

Ábyrgð listasafna

Íslensk listasöfn hafa í sumum tilvikum tekið við stórum einkasöfnum án þess að hafa nægilega mikla sérfræðipækkingu til að meta uppruna allra verka. Þá er hættu á að fölsuð verk verði hluti af safneigninni. Þegar einstaklingar eða fjölskyldur gefa listasöfnum stór einkasöfn, eins og í tilfelli Þorvaldar og Ingibjargar, felst í því bæði fjárhagsleg og siðferðileg ábyrgð fyrir safnið. Þótt margir safngjafar leggi áherslu á varðveislu íslensks menningararfs með rausnarlegum gjöfum, getur gjöf jafnframt verið leið til að tryggja sess gjafara í listasögunni eða hafa áhrif á hvernig listaverk eru skráð og viðurkennd.

Safn sem tekur við slíkri gjöf þarf því að axla ábyrgð á varðveislu og fræðslu um verkin. Ef í ljós kemur að fölsuð verk leynast í gjöfinni þarf safnið að fjarlægja þau úr safneigninni, sem getur valdið ágreiningi

við gjafara eða erfingja hans. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að sannpröfun fari fram áður en gjöf er formlega tekin inn í safnið, auk þess sem nauðsynlegt er að setja skýrar verklagsreglur um slíkt ferli.

Niðurlag

Listaverkafalsanir vekja enn og aftur mikilvægar spurningar um traust, ábyrgð og fagmennsku í listasafnastarfi. Með sýningum eins og „Ráðgátan um Rauðmagann“ og verkefnum eins og „Einkasafnið“ stendur Listasafn Íslands frammi fyrir áskorunum sem snerta bæði varðveislu og gagnsæi. Þessi mál undirstrika þörfina fyrir skýrar verklagsreglur, trausta samvinnu við gjafara og aukna vitund almennings um flókið og mikilvægt starf safna. Með því að takast á við þessar áskoranir með opnum huga og faglegri nálgun styrkir safnið stöðu sína sem trúverðugur varðveitari menningararfsins.

Bryndís Ólafsdóttir,
nemi í safnafræði.

HAUST Fall Exhibitions
13.09.25 - 23.12.25

Freyja Eilíf
Rifts in the Veil

Finnbogi Pétursson
Quake

Guðrún Kristjánsdóttir
Transcriptions; Intuition - View

Piotr Zbierski
Solid Maze

Ilana Halperin
An Anatomy of Mars

LISTASAFN ÁRNESINGA

Austurmörk 21, 850 Hveragerði, Iceland | +354 483 1727 listasafn@listasafnarnesinga.is www.listasafnarnesinga.is

Allt sem nöfnum tjáir að nefna

Hið fjölbreytta starf safnamannsins

Frá því að ég var beðin um að stinga penna á blað og lýsa degi í lífi mínu sem safnamanns, þá hef ég mikið velt fyrir mér: Hvað er hefðbundinn dagur í starfi safnamannsins? Eftir að hafa unnið rúm 17 ár við Þjóðminjasafn Íslands og sinnt allskonar störfum innan safnsins tel ég mig vera búin að rannsaka efnið til hlítar og komast að niðurstöðu: Slíkur dagur er ekki til!

Sumir dagar einkennast af fundarhaldi, aðrir af vinnu við sýningar, umsýslu með gripi, skipulagningu viðburða eða móttöku hópa. Stundum gefst færi á að sökkva sér í skráningu í Sarp, og stundum fer dagurinn í að finna upplýsingar eða aðstoða á annan hátt fólk sem vill nýta safnkostinn. En þar sem enginn einn dagur er einkennandi, þá ætla ég hér að segja frá síðustu

dögunum í apríl á þessu ári og þeim verkefnum sem ég vann að þá.

Helstu verkefni mín þær vikurnar, sem sérfræðingur í Þjóðhättasafni, snéru annars vegar að Þjóðhättasafni Þjóðminjasafnsins og hins vegar að fræðslu og móttöku skólahópa í safninu. Undirbúningur nýrrar spurningaskrár Þjóðhättasafnsins um meðgöngu, fæðingu og fyrstu mánuði barnsins var á lokametrunum, en sambærileg skrá var send frá safninu árið 1963. Nýja skráin var sett í loftið á málþingi sem haldið var á Alþjóðadegi ljósmæðra 5. maí. Þessa síðustu daga í apríl vorum við því að leggja lokahönd á spurningaskrána sjálfa, fá yfirlestur hjá jafnt ljósmæðrum og Þjóðfræðingum til að tryggja að skráin væri nægilega yfirgripsmikil fyrir rannsakendur, en jafnframt

að við værum með rétt orðalag í henni og ekki úrelt. Setja þurfti skrána upp í menningarsögulega gagnagrunni safnanna í landinu, Sarpi, þar sem hægt er að svara spurningunum. Samhliða vorum við að leggja lokahönd á dagskrá málþingsins sjálfs, en þar voru haldin sex erindi þar sem Þjóðfræðingar og ljósmæður fjölluðu um gömlu spurningaskrána, Þjóðhætti sem tengjast meðgöngu og fæðingu, og störf ljósmæðra í víðu samhengi. Útbúa þurfti fréttatilkynningar, fréttir á samfélagsmiðla og hafa samband við fjölmiðla til að reyna að komast í viðtöl. Á sama tíma fengum við styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir sumarstarf handa tveimur Þjóðfræðinemendum að taka viðtöl við ljósmæður í tengslum við spurningaskrána, svo auglýsa þurfti í þau störf og ganga frá ráðningu sumarnemanna og fylla út ýmis gögn fyrir Nýsköpunarsjóð þessu tengt. Þetta voru því óteljandi tölvupóstar, fundir og símtöl sem fylltu þessa daga, en þess á milli tók ég á móti skólahópum í safninu, sat fundi um útfærslur á Þjóðhättasvörum í nýjum Sarpi, fundi í viðburðateymi safnsins og svaraði fyrirspurnum almennings um ýmislegt sem snýr að Þjóðhättasafni Þjóðminjasafnsins.

Fólk sem ekki þekkir vel til safnastarfs gerir sér oft ekki grein fyrir hversu mörg handtök geta fylgt hverju verkefni fyrir sig. Gripum er ekki bara skellt í skáp á sýningu, heldur þarf að skrá þá og ljósmynda,



Fundarhöld skipa stóran sess í starfi safnmanna. Hér er það starfshópur um söfnun frásagna ljósmæðra sem hittist á kaffihúsi Þjóðminjasafnsins.

og setja í samhengi áður en hægt er að hafa af þeim gagn. Það þarf að svara fyrirspurnum almenninga og fræðimanna um ýmislegt sem tengist safnkostinum og veita aðgang að gripum sem varðveittir eru í geymslum og óskað er eftir að skoða. Störf í framlínu eru ekki síður tímafrek. Að taka á móti skólahópum er ekki bara að vera á staðnum þegar hópurinn kemur og segja frá því sem fyrir augu ber. Það þarf líka að undirbúa heimsóknina, átta sig á efnistöfum hverju sinni og hvort hópurinn hafi einhverjar sérstakar óskir eða þarfir sem taka þarf tillit til. Viðburðir verða ekki til í tómarúmi, þá þarf að skipuleggja og plana. Auk þess þarf að kynna þá fyrir almenningi, setja efni á samfélagsmiðla og semja fréttatilkynningar sem ná eyrum fjölmiðla og veita viðtöl. En það er einmitt þessi fjölbreytni sem gerir safnastarf



Móttöku skólahópa fylgja mörg handtök, meðal annars að ganga frá búningum landnámsmanna eftir heimsókn hressra 5. bekklinga.

svo ótrúlega skemmtilegt. Best við að vinna á safni finnst mér einmitt vera sú staðreynd að engir tveir dagar eru eins. Verkefni eru fjölbreytt og krefjandi. Fólkið sem ég vinn með er skapandi og frjótt í hugsun, úrræða-

gott og hreinlega alveg hrikalega fyndið á köflum, svo það er alltaf gaman að mæta í vinnuna.

Helga Vollertsen,
Þjóðminjasafn Íslands

 **Ljósmyndasafn Reykjavíkur**
Reykjavík Museum of Photography

Gunnar V. Andr sson

Samfer ama ur

Half a Century Through the Lens

03/05/ – 07/12/2025

Tryggvagata 15 (6. hæ )
101 Reykjav k

M n-fim 10:00-18:00

F s 11:00-18:00

Um helgar 13:00-17:00

 **Reykjav k**

www.borgarsogusafn.is



Ráðgátan um Rauðmagann og aðrar sögur um eftirlíkingar og falsanir

Sýning í Listasafni Íslands

Eftirlíkingar listaverka og ýmiss konar falsanir hafa þekkt frá fornu fari og enn koma upp fölsunarmál víða um lönd þar sem mikið kann að liggja undir. Í mörgum söfnum leynast vafasöm verk sem hafa ratað þar inn með margvíslegum hætti og á það einnig við um Listasafn Íslands. Í fórum safnsins eru tæplega 40 verk sem rannsóknir hafa sýnt að eru fölsuð og hafa borist því á ýmsan máta, bæði verið keypt og sem hluti af umfangsmiklum gjöfum. Öll tengjast þessi verk hinu svonefnda stóra málverkafölsunarmáli hér á landi sem hófst á síðasta tug 20. aldar. Því máli lauk með dómi í Hæstarétti árið 2004 þar sem hinir

ákærðu voru sýknaðir vegna ágalla á rannsókn málsins. Engu að síður var sýnt fram á að fjöldi verka í umferð hérlandis væri falsaður. Stóra málverkafölsunarmálið dró þannig dilk á eftir sér og hefur enn mikil neikvæð áhrif á íslenskan listheim og orðspor íslenskra listamanna.

Íðulega eru fölsuð verk og eftirlíkingar eignuð látnum listamönnum en enginn er þó óhultur fyrir glæpum af þessu tagi. Listaverkafalsanir fela meðal annars í sér skjalafals og fjársvik þar sem tjón brotaþola geta hlaupið á milljónum króna. Auk þess er fölsun listaverka brot á höfundalögum en óheimilt er

að breyta verki höfundar þannig að höfundarheiður hans eða höfundar-sérkenni séu skert.

Tveir opinberir starfshópar hafa fjallað um áhrif falsana á íslenska myndlist, höfundarétt og menningararf og leiðir til að sporna gegn fölsun listaverka. Myndstef, höfundaréttarsamtök myndhöfunda, hefur einnig fjallað um málið að beiðni Alþingis. Þrátt fyrir að ýmsar tillögur hafi komið fram um úrbætur, hafa enn ekki verið gerðar breytingar á lögum og enn koma reglulega upp ýmis mál tengd fölsuðum íslenskum listaverkum, hér á landi og erlendis.

Mikilvæg sýning í Listasafni Íslands.

Síðustu áratugi hefur Listasafn Íslands lagt sitt af mörkum í baráttunni gegn listaverkafölsunum hér á landi, jafnt með rannsóknum, útgáfu og fræðslu en almenn þekking á íslenskri listasögu er mikilvæg viðspyrna gegn fölsunum. Mikilvægt skref í þessari baráttu er sýningin „Ráðgátan um Rauðmagann og aðrar sögur um eftirlíkingar og falsanir“ sem opnaði í sal 2 í Listasafni Íslands 12. apríl 2025 og stóð til 14. september sama ár. Á sýningunni voru sagðar níu sögur af fölsuðum verkum og þau borin saman við ófölsuð verk viðkomandi listamanna. Átta þeirra fjölluðu um



Ólafur Ingi Jónsson og Dagný Heiðdal, sýningarstjórar.



Frá sýningunni. ©Listasafn Íslands.

verk í safneign Listasafns Íslands en ein sagan var af fölsuðu verki í einkaeigu sem tengist sýningu sem var í safninu. Flest verkin á sýninginni, bæði fölsuð og ófölsuð, tilheyra safneign Listasafns Íslands en fjögur verk voru fengin að láni. Á sýningunni voru 26 verk, og eru 12 þeirra sannanlega ekki eftir þá listamenn sem þau voru eignuð áður en grunur vaknaði um fölsun.



Arnar Freyr Guðmundsson og Birna Geirfinnsdóttir hjá Studio Studio.

Undirritaðir sérfræðingar Listasafns Íslands, Dagný Heiðdal, listfræðingur og Ólafur Ingi Jónsson, forvörður voru sýningarstjórar en hönnun var í höndum þeirra Arnars Freys Guðmundssonar og Birnu Geirfinnsdóttur hjá Studio Studio. Sýningin vakti mikla athygli og fékk jákvæð ummæli gesta og spilaði hugvitsamleg hönnun og notkun lita þar stórt hlutverk.

Þegar árið 1997 benti Ólafur Ingi á opinberlega að umtalsvert magn af fölsuðum listaverkum sem voru eignuð helstu listmönnum þjóðarinnar væri í umferð á íslenskum listaverkamarkaði. Ólafur Ingi var þá sjálfstætt starfandi forvörður en árið 2006 hóf hann störf hjá Listasafni Íslands. Hann hefur nú hætt störfum á safninu vegna aldurs en síðustu misserin í starfi einbeitti hann sér að rannsókn á grunuðum fölsunum í safneigninni og undirbúningi sýningar um þau verk. Honum til halds og traust voru aðrir sérfræðingar safnsins og var Dagný hans hægri hönd við gerð sýningarinnar og hafði umsjón með textagerð.

Sýningin er byggð upp í nokkrum þrepum og hægt að sökkva sér misdjúpt í þær rannsóknir sem liggja að baki og birtast í veggtextum og sýningarborðum. Með því að líta yfir salinn var hægt að virða fyrir sér verkin og lesa fyrirsgagnir og fá þannig tilfinningu fyrir þeim nýu sögum sem voru sagðar og afmarkaðar með mismunandi litum og sjá fölsuð og ófölsuð verk hlið við hlið. Með því að sýna verkið sem var notað sem útgangspunktur fölsunar mátti glöggst sjá hvernig vinnubrögð þess sem falsar hafa annan brag en listamannsins sem verið er að stæla.

Nokkuð ítarlegur veggtexti fylgdi hverri sögu þar sem greint var frá ætluðum listamanni, sögu umræddra verka og rannsókn á upprunaleika þeirra. Þá var í sérsmíðuðum sýningarborðum, sem voru fest beint á vegg milli verkanna, hægt að skoða ítarefni sem vísað var til í veggtexta eins og ljósmyndir, röntgenmyndir, niðurstöður efnarannsóknna, blaðaúrklippur og sýningarskrár. Var greinilegt að gestir kunnu að meta

Þessa lagskiptingu sem bauð upp á mishraða yfirferð og ástæðu til að koma aftur og kynna sér betur verkin á sýningunni og niðurstöður rannsókna þeim tengdum.

Þrátt fyrir að sýningin varpaði ljósi á mjög neikvæðan þátt í íslenskrí listasögu var augljóst að gestum þótti viðfangsefnið áhugavert og margir sögðu sýninguna skemmtilega. Það kemur ekki á óvart þar sem glæpasögur og lausn á ráðgátum hafa löngum heillað landann. Með umræddri sýningu vildi Listasafn Íslands þó fyrst og fremst stuðla að vitundarvakningu varðandi listaverkafalsanir hér á landi og kynna rannsóknaraðferðir sem varpa ljósi á uppruna verka.

Rannsóknir á upprunaleika listaverka

Þegar sannreyna á uppruna listaverks er sjónum beint að mismunandi þáttum sem tengjast bæði gerð þess og listsögulegu samhengi. Í rannsóknum sínum á upprunaleika verka hefur Ólafur Ingi Jónsson gengið út frá eftirtöldum fimm þáttum og var gerð grein fyrir þeim í sýningartexta:



Frá sýningunni. ©Listasafn Íslands.

Hugmynd eða ætlun listamanns – listsögulegt samhengi

Verk viðkomandi listamanns þarf að bera með sér þau einkenni sem hann er þekktur fyrir innan listasögunnar. Þar getur verið um að ræða val hans á myndefni, stílbrögðum eða litasamsetningu sem eru þekkt úr verkum hans. Ef mikið er um frávík frá þessum þáttum má ætla að upprunaleiki verksins sé tortryggilegur.

Gerð – lýsing á gerð og umbúnaði verksins

Hér er átt við tegund verksins til dæmis olíumálverk, pastelmýnd eða teikning og gerð burðarefnis og frágangur. Ganga þarf úr skugga um að þessir þættir séu í samræmi við önnur verk listamannsins.

Efniviður – vísindaleg greining á verkum

Rannsóknir efnisgerða og vísindaleg greining á efnis-tegundum viðkomandi verks eru framkvæmdar af sérfræðingum á rannsóknarstofum. Efniviðurinn er rannsakaður allt frá nafni framleiðanda og tímabili framleiðslu niður í smæstu efniseiningar t.d. litarefni og bindiefni og þau greind niður í frumeindir.

Vinnsla – tækni og aðferðir listamanns

Hér eru tæknileg atriði listamannsins skoðuð varðandi mynduppbyggingu, aðferðir hans við beitingu pensils og aðrar vinnuaðferðir sem eru ein-kennandi fyrir verk hans.

Heimildir – gögn sem tengjast verkinu sjálfu og sögu þess

Eigendasaga verkanna er ein mikilvægasta sönnun þess að verk sé ófalsað. Sömualeiðis öll önnur gögn sem gætu stutt sögu verksins til dæmis fjölskylduljósmyndir, sýningarskrár eða uppboðsskrár.



Prepaskipt sýningin leyfði gestum að kafa misdjúpt í efnið. ©Listasafn Íslands.

Til að geta staðfest að listaverk sé eftir ætlaðan höfund, þurfa fjórir af fimm framantöldum þáttum að standast samanburð við höfundarverk viðkomandi listamanns. Fölsuð listaverk standast ekki slíka skoðun og voru sýnd dæmi um slíkar rannsóknir og niðurstöður þeirra á sýningunni.

Flestir af þekktustu listamönnum Íslands á fyrri hluta 20. aldar hafa orðið fyrir barðinu á fölsurum. Á sýningunni voru dæmi um verk fjögurra listamanna sem hafa hvað mest verið falsaðir, en það eru Ásgrímur Jónsson (1876–1958), Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885–1972), Nína Tryggvadóttir (1913–1968) og Svavar Guðnason (1909–1988).

Fölsunum á tvívíðum listaverkum má skipta í tvo flokka og voru fölsuð verk á sýningunni úr báðum



flokkum, ýmist olíumálverk, vatns-litamyndir eða teikningar.

Annars vegar er verki óþekkts listamanns breytt. Yfirleitt með því að afnema áritun, með yfirmálun eða með því að fjarlægja hluta verksins. Þetta á bæði við um pappírverk og olíumálverk. Upprunalegur rammi er oft nýttur til þess að halda útliti verksins sem upprunalegustu. Áritun þess listamanns sem verið er að falska er bætt á verkið.

Hins vegar er fölsun unnin frá grunni með því að líkja eftir verki þekkts listamanns. Falsanir á pappír eru oftast unnar á auðan pappír en olíumálverk geta verið máluð yfir eldra eða óklárað verk óþekkts listamanns. Þannig nýtir falsarinn sér gamlan mál-aðan striga, blindamma og í mörgum tilfellum upprunalegan ramma.

Vert er að taka fram að Listasafn Íslands setur í forgang að rannsaka

og varðveita ósvikin verk og fals-anir eru aðeins örlítið brot af safn-eigninni. Vakni hins vegar grunur um að verk í safneign sé falsað er verkið sett á skrá yfir grunaðar fals-anir og gögnum safnað sem styðja greininguna. Fölsuð verk í eigu safna eru yfirleitt merkt sérstaklega og tekin til hliðar. Slík verk eru ýmist varðveitt sem rannsóknar-gögn eða þeim fargað.

Fölsuð verk sem eru í einkaeigu eru á ábyrgð eigenda. Þau geta verið til sýnis á vegum eigenda, í geymslu, sett á sölu eða þeim fargað. Íslensk lög gera hins vegar ekki ráð fyrir að listaverk séu gerð upptæk, þeim fargað eða þau merkt sérstaklega ef rannsóknir leiða í ljós að viðkomandi verk sé falsað en slíkt þekkist í öðrum löndum. Þau verk sem tekin voru til rannsóknar hjá lögreglunni í stóra málverkafölsunarmálinu, samtals 181 verk, geta verið auðkennd með tilviksnúmeri. Upplýsingum um þau

verk hafa verið gerðar aðgengilegar á heimasíðu Myndstefs. <https://myndstef.is/stora-malverkafolsunarmalid/>.

Að lokum

Nokkuð langt er síðan dæmt var í fölsunarmálinu hér á landi og yngri kynslóðir þekkja málið lítið. Það er því mikilvægt að auka vitund fólks um að það eru enn fölsuð verk í umferð eignuð íslenskum listamönnum og var það eitt af markmiðum sýningarinnar. Safnið vildi einnig benda á að fölsuð lista-verk eru ekki tabú heldur eitthvað sem þarf að ræða og læra að varast. Vegna umræðu og áhuga almennings á falsaða verkinu *Rauðmagi*, sem er merkt Jóhannesi S. Kjarval og var á sýningu í Listasafni Íslands árið 2023, þótti einnig tímabært að safnið fjallaði um fölsuð listaverk í safneigninni. Sú staðreynd að fjöldi falsaðra verka hefur komið fram á íslenskum og dönskum listaverka-markaði undanfarin ár ýtti einnig undir gerð sýningarinnar. Í öllum tilfellum er þar um að ræða endur-sölu falsana sem tengjast gamla málinu og hafa háar fjárhæðir verið boðnar fyrir þessi fölsuðu verk.

Fölsuð verk í safneign eru vandmeð-farin og það var ekki sjálfsagt mál að halda sýningu á fölsuðum verkum í Listasafni Íslands og sýndist sitt hverjum um þá hugmynd. Var meðal annars bent á að safnið ætti ekki að kenna hvernig falsa mætti listaverk. Hver sá sem sá sýninguna getur væntanlega staðfest að það var ekki gert heldur opnaði sýningin augu gesta fyrir því að mikilvægt sé fyrir bæði söfn, söluaðila og einstaklinga að vera á varðbergi gagnvart fölsunum og kanna upprunaleika listaverka.

Dagný Heiðdal, listfræðingur
og Ólafur Ingi Jónsson, forvörður
Listasafni Íslands

Samband tilfinninga og menningararfs

Dagana 30. september og 1. október 2024 var haldið í Zontahúsinu á Akureyri stórskemmtilegt, og á köflum tilfinningaríkt, námskeið þar sem samband tilfinninga og menningararfsins var skoðað út frá aðferðafræði sem kallast á ensku „Emotion networking“. Námskeiðið var haldið af Borgarsögusafni Reykjavíkur og Rannsóknasetri í safnafræðum við Háskóla Íslands með styrk frá safnaráði. Minjasafnið á Akureyri bauð fram aðstöðu fyrir námskeiðið en alls sóttu 17 manns námskeiðið. Kennarar námskeiðsins voru Dr. Hester Dibbits og Marit van Dijk sem starfa við Reinwardt Akademie og umsjón með námskeiðinu höfðu Dr. Sigurjón B. Hafsteinsson, fyrir hönd Rannsóknaseturs í safnafræði, og Helga Maureen Gylfadóttir, fyrir hönd Borgarsögusafns Reykjavíkur.

En hvernig kom þetta til? Á árlegri ráðstefnu FÍSOS – Félags íslenskra safna og safnafólks, sem haldinn var í Amsterdam haustið 2023, fór hópur þátttakenda í heimsókn í Reinwardt Akademie. Þar tók á móti hópnum Dr. Hester Dibbits, en hún fer fyrir námi í safna- og menningararfsfræðum við skólann. Meðal þess sem Hester kynnti fyrir hópnum er svokölluð „Emotion Networking“ aðferðafræði, en Hester ásamt samstarfsfólki hefur þróað þessa aðferðafræði með söfn og menningararfsstaði í huga.

Megin tilgangur aðferðarinnar er að kanna tengsl tilfinninga við menningararf, en það samband er sannarlega samofið en á sama tíma oft á tíðum ókannað í safna- og menningararfsstarfi. „Emotion networking“ aðferðafræðin gengur



Kátir þátttakendur fyrir framan Zontahúsið.

út á að skoða flókið samband tilfinninga við áhuga, þekkingu og tengsl fólks við hverskonar menningararf. Markmið aðferðarinnar er að þróa með safna- og menningararfsfólki hæfileika til að tengjast betur eigin tilfinningum og annarra og búa til á þeim grunni samræðuvettvang.

Viðfangsefni safna er oft bundið ríkum tilfinningum fólks gagnvart því sem þau eru að fást við, en hlutir eða viðburðir í sögu og samtíð byggja oft á tilfinningalegum, og stundum ríkulegum, böndum. Með því að skoða þennan þátt frekar og þróa hann í safnalegu samhengi, er viðbúið að söfn og aðrir geti nýtt sér þennan þátt enn frekar á ýmsan hátt en gert er nú þegar.

Með þessari áherslu eða aðferðarfæði geta söfn því breikkað sjónarhorn sitt á viðfangsefni sín og þannig tengst enn betur þeim samfélögum sem þau vinna innan. Faglegur ávinningur námskeiðsins fólst í betri skilningi á þætti tilfinninga



Verkleg æfing í að tengja menningararfinn og tilfinningar.



Gleði, sorg og kvíði – allt eru þetta tilfinningar sem menningararfurinn vekur upp hjá fólki.

Í vinnu safna með menningararf, jafnt innan safna og utan.

Á námskeiðinu var farið vel og vandlega yfir hvað fælist í aðferðafræðinni um þetta tilfinningaþrungna samband sem við oft

á tíðum eigum við menningararfinn og hve í raun þetta samband er margslungið og teygist í allar áttir. Það kom glögg í ljós þegar þátttakendur mátuðu aðferðafræðin í umræðu um þjóðbúningaarfleið þjóðarinnar og sitt sýndist hverjum.

Það kom líka mörgum á óvart hve tilfinningalegt samband þátttakenda við þjóðarréttinn kleinu var mismunandi, sumir elskuðu hana meðan aðrir þoldu ekki að kleinur væru oft það eina sem fram var borið á hinum ýmsum samkomum.



Kennarar námskeiðsins kynna aðferðafræðina fyrir þátttakendum.

Þessir tveir dagar í Zontahúsi liðu fljótt og urðu þátttakendur margs vísari um þessa áhugaverðu nálgun á viðfangsefni okkar allra. Án stuðnings safnaráðs og gestrisni Minjasafnsins á Akureyri hefði þetta námskeið ekki orðið að veruleika og eru þeim hér færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

p.s. kleinurnar voru dásamlegar og runnu ljúflega ofan í mannskapinn.

Helga Maureen Gylfadóttir,
deildarstjóri miðlunar,
safnfræðslu og viðburða hjá
Borgarsögusafni Reykjavíkur

Að ganga í takt við samfélagslegar breytingar

Hugvekja um hlutverk safna út frá Alþjóðlega safnadeginum og málþingi ICOM, FÍSOS og safnaráðs þann 21. maí 2025

Heimurinn siglir inn í tímabil hraðra umbreytinga, það ríkir ólga í alþjóðasamfélaginu og það virðist sem hrikki í stöðum lýðræðisins. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að velta fyrir sér hlutverki menningarstofnana í samfélagi sem þær þjóna. Hvernig geta stofnanir sem varðveita og miðla menningararfi þjóða lagt sitt af mörkum til að viðhalda og standa vörð um lýðræðisleg gildi? Stofnanir sem byggjast á trausti og trúverðugleika efla líka seiglu samfélaga og verða hluti af viðnámsþrótti þeirra.

Á stafrænni öld, þar sem upplýsingaflæðið er gríðarlega mikið á sama tíma og staðreyndir eru oft skrumskældar, geyma söfn áreiðanlegar heimildir sem hægt er að setja í sögulegt samhengi. Með því að bjóða upp á fjölbreyttar sýningar, fyrirlestra og vinnustofur geta söfn hvatt til gagnrýnnar hugsunar og opinskárrar umræðu um erfið og viðkvæm málefni og varpað ljósi á flóknar samfélagslegar áskoranir í krafti sögunnar.

Til að söfn geti haldið áfram að endurspegla samtímann og haft áhrif á tímum hraðra samfélagslegra breytinga, þurfa þau að vera virk í að hlusta á þarfir samfélagsins, taka inn nýjar raddir og aðlaga starf-

semi sína að breyttum aðstæðum. Söfn geta sinnt því þýðingarmikla hlutverki að bjóða upp á vettvang fyrir lýðræðislega umræðu og að vera í stakk búin til að takast á við umdeild málefni á faglegan og upplýstan hátt án þess að gefa afslátt af mannréttindum og sanngildi.

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn hátíðlegur 18. maí ár hvert. Tilgangur hans er að efla vitund almennings og sameina söfn með því að vekja athygli á starfsemi þeirra. Á hverju ári velur Alþjóðaráð safna þema sem í ár var „*Framtíð safna í síbreytilegum samfélögum*“. Það undirstrikar þá staðreynd að söfn eru órjúfanlegur hluti af síkvikum samfélögum um leið og breytingum fylgja nýjar áskoranir sem krefjast aðlögunarhæfni. Sérstaklega var horft til tæknibreytinga og sjónum beint að krafti unga fólksins og mikilvægi óáþreifanlegs menningararfs.

Í tilefni af deginum buðu Íslandsdeild ICOM, FÍSOS og safnaráð til málþings þann 21. maí 2025 fyrir safnafólk í Þjóðminjasafni Íslands. Á dagskránni voru fimm erindi og í lokin voru pallborðsumræður en fundarstjórn var í höndum Hlyns Hallssonar.

Erindin endurspegluðu þemað með ólíkum hætti, þau fjölluð um marg-

þætt hlutverk safna og samfélagslegt rof, um krísu á alþjóðavettvangi og möguleika safnanna til að hafa áhrif.

Formaður Íslandsdeildar ICOM, **Hólmur Hólm**, áréttaði að söfn eru hluti af heimssamfélaginu og mikilvægur viðnámsþróttur fyrir samfélög, enda varðveita þau menningararfinn sem er grundvallaratriði fyrir sjálfsmynd þjóða. Nú þegar ókyrrð og væringar eru í loftinu og við horfum upp á innrás Rússa í Úkraínu og við botn Miðjarðarhafs verðum við vitni að þjóðarmorði raungerast með árásum Ísraels á Palestínu þar sem menning og saga heillrar þjóðar er markvisst útrýmt. Alþjóðlög eru ekki virt og alþjóðastofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar virðast máttlausar gagnvart valdi og árásarhneigð þjóðarleiðtoga. Fyrir söfn sem hafa rödd í alþjóðasamfélagi er erfitt að standa hjá í nafni hlutleysis eða eins og Hólmur benti á þá hafa söfn dagskrárvald og eru mikilvægir þátttakendur í alþjóðlegu samstarf sem stendur vörð um menningararf þjóða.

Siðferðisleg álitamál hafa einnig vaknað í tengslum við val ICOM á staðsetningu fyrir 27. Allsherjarþing sitt í Dúbaí. Þar í landi eru framin mannréttindabrot, tjáningarfrelsi er takmarkað og sjálfbærni ekki hátt skrifuð sem virðist vera

nokkuð mótsagnakennt þegar horft er til nýrrar safnaskilgreiningar ICOM sem leggur einmitt áherslu á inngilding og sjálfbærni. Hólmur veltir því fyrir sér hvort við getum tekið þátt í ráðstefnu í landi þar sem sjálfsögd mannréttindi eru brotin? Samræmist það hlutverki menningarstofnana sem eiga að standa vörð um réttlæti, fjölbreytileika og mannvirðingu?

Á Allsherjarþinginu verður fjallað um mikilvæg málefni sem varða framtíð safna og ICOM á heimsvísu, t.a.m. þá verður kosið um endurskoðaðar siðareglur safna sem styrkja eiga faglegt siðferði og ábyrgð stofnana, auk þess sem lögð er áhersla á inngilding, virk samskipti og sjálfbærni, sem er brýnt að taka þátt í. Annað mikilvægt mál er að Eysstrasaltslöndin: Eistland, Lettland og Litháen, verða formlega tekinn inn í samstarf svæðisbandalags ICOM Nord sem mun styrkja norræna og baltneska samstöðu til muna. Sú samstaða getur t.a.m. skipt gríðarlega miklu máli fyrir Eysstrasaltslöndin sem deila ekki

aðeins landamærum með, heldur eiga líka erfiða reynslu af nágrannaríkinu Rússlandi.

Valið stendur því um að mæta ekki til ráðstefnunnar til að grafa ekki undan eigin gildum eða mæta til að standa vörð um eigin gildi með því að taka sér sæti við borðið og vera hluti af samtalinu þegar svo mikilvæg mál eru til kosninga og ákvarðana.

Í öðru erindi fjallaði **Jón Ólafsson**, menningarfræðingur, um hvernig söfn geta verið áttakavettvangur, því menning getur verið háþólitísk. Menning og saga geta orðið að verkfæri í höndum þeirra aðila sem vilja laga söguna og menningarlegan skilning að sínum þörfum. Þá rakti hann sögu og tilurð samtímalistamiðstöðvarinnar GES-2 í Moskvu sem er í eigu rússneska ólígarkans og auðkífingsins Leonid Mikhelson. Þegar GES-2 hóf starfsemi sína hausti 2021 hét fyrsta sýningartímabilið: *Hvernig má komast hjá nýlenduvæðingu?* Með þessum titli vísar miðstöðin til ákveðinnar söguskýringa rússneskra stjórnvalda sem lýsa tíunda áratuga

síðust aldar sem tímabili nýlenduvæðingar Rússlands af hálfu Vesturvelda sem höfðu það að markmiði að eyðileggja rússneska menningu.

Jón rakti svo sögu samsýningarinnar *Til Moskvu til Moskvu til Moskvu* sem var fyrsta stóra sýning listamannsins Ragnars Kjartanssonar í GES-2 í Moskvu og sýndi hann m.a. verkið *Santa Barbara*, sem er umfangsmikill rauntímagjörningur og stóð yfir í fullum gangi þegar Rússar gerði innrás í Úkraínu í febrúar 2022. Verkið *Santa Barbara* byggir á samnefndum bandarískum sjónvarpsþáttum sem urðu gífurlega vinsælir í Rússlandi á árunum 1992 til 1999. Jón benti á að fátt rammi betur inn söguskýringu stjórnvalda um nýlenduvæðingu Rússlands en þessi sjónvarpssería. Listamaðurinn Ragnar Kjartansson var fljótur að loka sýningunni enda var hans ætlun aldrei að vera partur af þeirri áróðursvél sem var þar falin á bakvið.

Þarna er dæmi um fámennan en gríðarlega valdamikinn hóp í Rússlandi þar sem rússnesk söguskoðun



Í erindi sínu tók Jón Ólafsson dæmi af menningarpólitík í Rússlandi og endurskoðun sögunnar út frá hagsmunum fámenns en valdamikils hóps.



Guðrún Whitehead bryndi íslensk söfn að þora að taka á erfiðum málum í menningararfi okkar og sögu.

er ekki afrakstur lýðræðislegrar eða frjálsrar umræðu heldur byggir aðeins á sýn fáeinna en valdamikilla einstaklinga. Menningarstofnanir eins og GSE-2 eru til marks um hvernig hægt er að notfæra sér söfn og menningarstofnanir til að móta söguskoðun eða sýn á menningu og réttlæta um leið pólitískar gjörðir, þar á meðal hernaðaraðgerðir eins og innrás Rússa í Úkraínu.

Það er mikilvægt að menningarstofnanir og söfn séu sjálfstæð þ.e.a.s. ekki undir áhrifum stjórn mála eða efnahagslegra hagsmuna. Jón nefndi jafnframt að listin og menningin séu alltaf pólitísk en í sögulegu samhengi eru ófá dæmi um valdsækna einstaklinga sem vilja ná tökum á söguskýringu menningarinnar og þar með úr höndum samfélagsins og hinna skapandi hópa.

Sjálfstæðið er forsenda þess að söfn og menningarstofnanir geti sinnt hlutverki sínu sem gagnrýnin rödd í samfélaginu og sem verndarar frelsis. Þetta krefst þess að starfsfólk safna hafi frelsi til að velja sýningar efni og nálgun, jafnvel þótt það kunni að vera óþægilegt eða umdeilt eins og Guðrún Dröfn Whitehead, lektor í safnafræði við HÍ kom inn

á í erindi sínu „Eru íslensk söfn hrædd við víkinga? Víkingar sem menningararfur eða söluvarningur ferðapjónustunnar“. Þar fjallaði hún m.a. um hvaða sögu við segjum okkur um þjóðveldistímann á Íslandi og hvernig við leitum alltaf aftur og aftur í upprunann til að reyna skilja samtímann. Merking og tenging okkar við víkinga hefur tekið miklum breytingum. Það stafar annars vegar af umræðunni um „útrásarvíkinga“ sem neyddi okkur til að endurskilgreina sjálfsmynd okkar sem þjóð, og hins vegar af auknum áhuga ferðamanna á víkingum.

Samkvæmt Guðrúnu eru söfn ekki hlutlausir miðlar og ættu ekki að vera það, enda felst val í allri miðlun. Safnafræðin og siðareglur ICOM gera kröfu um að söfn taki afstöðu og miðli safnkosti af ábyrgð. Hún benti á að íslensk söfn þurfi að vera óhræddari við að tækla hugmyndir um víkinga, þar sem þeir eru sterklega tengdir sjálfsmynd og þjóðernishyggu Íslendinga sem getur verið viðkvæmt og flókið viðfangsefni. Þá er það mikilvægt að söfn séu meðvituð um erfiðan menningararf, þar sem hugmyndir um víkinga hafa verið misnotaðar sem táknmyndir fyrir t.d. karlmennsku, rasisma og þjóðernishyggu. Til dæmis mætti benda á hvernig nasistar misnotuðu

menningararf norrænna þjóða. Það er ábyrgð safna að stíga inn í þessa umræðu af öryggi og taka afstöðu gegn misnotkun menningararfs.

Þögnin um ákveðin viðfangsefni getur verið afstaða í sjálfu sér. David Anderson, gestaprófessor við Cardiff háskóla, sagði frá heimsókn sinni til Bandaríkjanna á safnaráðstefnu American Alliance of Museums (AAM). Þótt þemað væri „Museum and Trust“ og ráðstefnan hafi að mestu verið hefðbundin, sagðist David hafa tekið eftir ærandi þögn um mikilvæg samfélagsleg málefni, svo sem jafnrétti, fjölbreytileika og inn-gildingun. Þessi mál voru vart nefnd en þetta eru jafnframt þau málefni sem núverandi stjórn Bandaríkjanna hefur beitt sér gegn.

David benti þó á að það hefðu verið erindi og dagskráliðir sem fjölluðu t.d. um frumbyggja í Bandaríkjunum og merkilega safneign listasafnara af suður-amerískum uppruna sem hafi verið mikilvæg innlegg í þetta tómarúm. David nefndi einnig að hann hafi verið varaður við því að meðal gesta væru stuðningsmenn Trumps og fulltrúar frá The Department of Government Efficiency (DOGE), sem sendu skýrslur um ráðstefnuna.

Í erindi sínu á ráðstefnunni spurði David m.a. hvernig hægt væri að lýðræðisvæða söfn? Hann hvatti safnafólk til að tala um lýðræði og verða raunverulegur hluti af lýðræðishreyfingu, en það þurfi forystu og hugrekki til. Það væru til fjölbreyttar leiðir í lýðræðislegri vinnu og stundum þarf að taka erfiðar ákvarðanir með tilheyrandi flækjustigi til að vinna sér inn traust og viðhalda því jafnvel hjá rótgrónum stofnunum, en það er kannski ein af okkar helstu áskorunum í nútímalýðræði.

Söfn þurfa að vera virkir hlustendur og þróa starf sitt í samvinnu við

samfélagið sem það þjóðar, því safnið er ekki aðeins byggingin, safnið er samfélagið. Í erindi sínu „Menningarstríð og minnihlutahópar“ fjallaði Bjarndís Helga Tómasdóttir, formaður Samtakanna '78, um það hvernig söfn á Íslandi sýna hinsegin fólki. Hún benti á að sem tíður gestur safna upplifi hún þögn þegar kemur að sögu og tilveru hinsegin fólks, en hún hafi aðeins getað fundið fjórar safnasýningar sem hafa með einhverjum hætti endurspeglað hinsegin veruleika. Bjarndís minnti á að það eru á bilinu 10–15% af samfélaginu sem skilgreini sig sem hinsegin og að söfn hafi skyldu til að endurspegla alla samfélagsþóp.

Bjarndís sagði að þessi fjarvera væri athyglisverð, sérstaklega í ljósi þess hversu mikilvægur hluti hinsegin menning er í meginstraums-menningu. Hún fjallaði einnig um þá ógn sem stöðjar að hinsegin samfélaginu á heimsvísu og aukin andstaða sé gegn hinsegin fólki í heiminum, sem endurspeglast glögg í niðurskurði á styrkjum til hinsegin félagasamtaka, en talið er að allt að 80–90% félagasamtaka gætu lagst af á næstu 12 mánuðum.

Ísland er ekki einangrað frá þessari þróun og safnafólk þarf að taka afstöðu og styðja við mannréttindi. Regnbogalitir á söfnum hafa t.d. mikla þýðingu fyrir hinsegin fólki sem þá upplifir sig velkomið og ekki má gleyma að stór hluti ferðamanna á Íslandi er hinsegin. Það getur verið farsælt að ræða við hinsegin safnafólk eða vera í samvinnu við félagasamtök til að auka viðmót og sýnileika hinsegin menningar í söfnum. Þannig geta söfn tryggt að þau séu lifandi og virkur hluti af samfélagslegri þróun með því að mynda sterk tengsl við samfélagið.

Fyrir öflugt lýðræði og samfélagslega seiglu gegnir menning og menningar-arfur lykilhlutverki. Á sama tíma

og söfn varðveita menningararfinn og söguna eru þau líka lifandi og framsækna stofnanir sem renna styrkum stöðum undir lýðræðisleg gildi. Á Íslandi er ótrúlega fjölbreytt flóra safna um allt land og í þeim er að finna metnaðarfulla dagskrá sem taka á margvíslegum sviðum lífsins enda fátt sem er söfnum óviðkomandi. Ekkert eitt safn getur gert allt en saman geta þau gert mikið. Safnafólk er óþreittandi í að finna nýja leiðir og nálganir í safnastarfi og vinna oft þrekvirki þar sem oft eru þetta faliðar stofnanir þar sem safnafólk þarf að bera marga hatta.

Í öllum þeim erindum sem voru á dagskrá málþingsins komu fram ólíkar áskoranir sem söfn standa frammi fyrir og ekki eru þær allar nýjar af nálinni. En sú ókyrrð sem nú ríkir á alþjóðasviði er hvatning fyrir söfn til að sýna aukið hugrekki og taka skýrari afstöðu til brýnna mála og vera málsvavar réttlætis og samstöðu. Söfn geta verið virk og

sýnt hluttekningu hvort sem um er að ræða umfjöllun um mannréttindabrot, alþjóðleg átök, sögu hinsegin fólks eða misnotkun á menningararfinum. Þá ættu söfn að vera vakandi fyrir að efla samfélagsleg tengsl og virkja lýðræðislegt hlutverk sitt, halda áfram að vera vettvangur fyrir samtöl, vinna með samfélagshópum og grasrótinni svo tryggja megi að sýningar og miðlun endurspegli alla þræði samfélagsins og að öllum sé gefinn verðugur staður í safni. Að því sögðu þá er þeim mun mikilvægara að söfn og aðrar menningarstofnanir hafi það frelsi til að sinna hlutverki sínu og takast á við viðkvæm og erfið mál-efni og séu ekki beitt pólitískum eða efnahagslegum þrýstingi.

Hægt er að hlusta á upptöku af öllum erindunum frá málþinginu á vef safnaráðs.

Klara Þórhallsdóttir, sérfræðingur hjá safnaráði



BYGGÐASAFN
VESTFJARÐA
WESTFJORDS HERITAGE MUSEUM

TURNHÚS - ÍSAFJÖRÐUR

15. maí - 15. september	May 15 - 15 September
Alla daga / kl. 9 - 17	Every day / 9 - 17
16. september - 30. september	16 September - 30 September
Alla daga / kl. 11-15	Every day / 11-15

PINGEYRI

SMÍÐJA GUÐMUNDAR J. SIGURÐSSONAR THE OLD BLACKSMITH'S WORKSHOP

Opnir: 01/06 - 31/08 Open: 01/06 - 31/08
Miðvikud - sunnud kl. 10-14 Wed - Sun: 10-14

www.nedsti.is

Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir

Hlutverk safna innan ferðaþjónustu á Íslandi

Það vita það eflaust ekki margir lesendur Safnablaðsins Kvists, en ein af ástæðum þess að ég ákvað að halda út í heim og nema safnafræði við Leicester háskóla er sú að ég vann á ferðaskrifstofu sem sérhæfði sig í móttöku skemmtiferðaskipa. Hvernig í ósköpunum tengist það safnastarfi? Jú, á hverjum degi yfir sumartímamann hringdi ég í söfn víðsvegar um landið, með lokatölur skipafarþega næsta dags, lét vita hversu mörgum rútum þau ættu von á, staðfesti tímasetningar og lengd safnaheimsóknna. Veturnir í fyrirtækjum af þessum toga fara í skipulagningu, hafa samband við byrgja og undirbúa næsta sumar, búa til nýjar ferðir, með nýjum stoppum, semja lýsingar sem draga að skipafarþega og fleira. Það sem

sló mig við þessa vinnu var hversu þreytandi söfnum fannst oft að fá skipafarþega. Það var kvartað undan því að þeir stoppuðu of stutt, 30–45 mínútur, söfnin væru þar af leiðandi pissustopp frekar en nokkuð annað, þessir gestir hefðu ekki áhuga á safninu heldur færu beint í safnabúðina að kaupa minjagripi, að það væru of margir eða of fáir í hverjum hóp. Ég vildi skilja þessa togstreitu milli safna og ferðaþjónustunnar betur og það var einungis ein augljós leið til þess: Fara í doktorsnám, að sjálfsögðu. Nú loksins, rúmum 11 árum eftir útskrift, er ég aftur farin að spyrja sömu spurninga: Hvert er viðhorf safna gagnvart ferðaþjónustunni? Hvaða áskoranir felast í þátttöku safna innan ferðaþjónustunnar?

Hvert er hlutverk safna innan íslenskrar ferðaþjónustu? Til þess að reyna að svara þessum áleitnu spurningum, hóf ég samstarf við Félag íslenskra safna og safnafólks (Anítu Elefsen, þáverandi formann og Dagrúnu Ósk Jónsdóttur, verk-efnastjóra), og Samtök Ferðaþjónustunnar (Jóhannes Þór Skúlason) árið 2023. Við efndum til málþings, *Söfn og ferðaþjónusta*, sem var haldið í desember það ár og sendum út spurningakönnun til allra safna, setra og sýninga í landinu þar sem viðhorf þeirra til ferðaþjónustu var kannað.¹ Samstarfið hófst eftir kvörtun Samtaka Ferðaþjónustunnar og Perlu Norðursins til Samkeppniseftirlitsins vegna fyrirhugaðrar sýningar á Seltjarnarnesi. Ég tel Jóhannes nokkuð hugrakkan að leggja í sal fullan af safnafólki eftir það mál og skoðanaskipti hans við Hilmar Malmquist í fjölmiðlum í kjölfar kvörtunarinnar. Enda kom þar glögglega í ljós á hversu ólíkum grundvelli opinber söfn og ferðaþjónustan starfa og nauðsyn þess að efla þekkingu á starfi safna og getu þeirra til að auðga upplifun ferðamanna á landinu. Það var þó ljóst af niðurstöðum könnunar okkar að safnafólk er jafn óruggt um stöðu og hlutverk safna innan íslenskrar ferðaþjónustu og ferðaþjónustan virðist vera. Sérstaklega á þetta við um markaðssetningu, samstarf við ferðaskrifstofur og miðlun til ferðamanna sem er talið ganga gegn því sanngildi sem reynt er að hafa fyrir augum við miðlun safnkosts.




Aníta Elefsen, þáverandi formaður FÍSOS, greinarhöfundur og Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF.

Samkvæmt könnuninni töldu 93,4% svarenda að söfn og aðrar menningarstofnanir væru mikilvægur hluti af upplifun ferðamanna, og hafði þeim fjölgað á undanförnum árum hjá 57,4% svarenda, án þess að það hafi valdið vanda (4,9% sögðu að fjölgun ferðamanna hafi valdið vanda, m.t.t. forvörslu, aðgengi að salernum og bílastæðamálum), á meðan 36,1% sögðu að ferðamönnum hefði ekki fjölgað. 77% svarenda töldu að meira þyrfti að gera til að ná til erlendra ferðamanna, þá einkum að efla þyrfti samstarf við ferðaskrifstofur, efla markaðsstarf, þýða texta og önnur gögn, og auka gæði heimasíðna og samfélagsmiðlasíðna. Það sem helst stóð í veg fyrir að þetta ætti sér stað var mannekla og fjárskortur. Einn svarenda sagði til dæmis að það væri erfitt að setja fé í markaðssetningu þegar safnið fær engar tekjur af aðgangseyri, annar benti á að það fé sem væri sett í markaðssetningu væri alltaf á kostnað annarra verkefna, sem væru unnin í þágu nærsamfélagsins. Einn svarenda spurði hvort Íslandsstofa og markaðsstofur gætu ekki aðstoðað söfn við að efla árangursríka markaðssetningu.

Athugið að um helmingur svarenda sögðust eiga aðild að áfangastofum/markaðsstofum. Þá voru ferðaskipuleggjendur (26,2%) ferðaskrifstofur (29,5%), afþreyingarfyrirtæki (24,6%),

Telur þú að þín stofnun hafi nægilegan fjárhagslegan styrk til að sinna vel þjónustu við ferðamenn?
61 responses




hópfærðafyrirtæki og skemmtiferðaskip (24,6% hvort) og margt fleira nefnd. Samstarfinu við þessar stofnanir og fyrirtæki var lýst sem ómarkvissu af 36,1% svarenda, og 13,1% sögðu að sameiginleg markmið væru ekki skilgreind. 27,9% sögðust ekki vera í neinu samstarfi við ferðaþjónustuaðila. Einn svarenda tók það sérstaklega fram að samstarf við þjónustuaðila skemmtiferðaskipa væri markviss, en samstarfið við áfangastofur/markaðsstofur væri ómarkviss. 29,5% sögðu samstarfið vera ánægjulegt og skila árangri, en einungis 16,4% sögðu það markviss og að sameiginleg markmið væru skilgreind. 82% svarenda töldu að það mætti bæta samstarf og samskipti við ferðaþjónustuaðila, einkum þyrfti að skilgreina sameiginleg markmið, skipuleggja komu ferðamanna innan svæða betur saman (hversu lengi hóparnir stoppa, hversu

stórir þeir eru o.s.frv.) og síðast en ekki síst, efla þekkingu á eðli og hlutverki safna almennt.

Ekki er unnt að rekja allar niðurstöður þessarar könnunar hér, en það er þó ljóst að ein megin niðurstaða hennar bendir til þess að söfn (líkt og ferðaþjónustan almennt) vilja gjarnan bjóða ferðamönnum upp á hágæða upplifun. Almennt er þó óvissa um hvernig sé best að bera sig að við það verkefni: Hvert er hægt að leita sér aðstoðar til nýta sem best takmarkað fjármagn safna til að sinna markaðsmálum? Hvernig er hægt að gera samstarf við ferðaþjónustuaðila markvissara, sérstaklega í ljósi manneklu og fjársveltis? Hvað þurfa ferðaþjónustuaðilar á að halda frá söfnum svo þau verði hluti af skipulögðum hópferðum á svæðinu? Með hvaða móti geta söfn sýnt fram á gildi sitt fyrir ferðaþjónustuna, og mikilvægi þess að fá stuðning til að sinna þessu hlutverki?

Er þín stofnun formlegur aðili að samtökum á sviði ferðamála?
61 responses



Önnur niðurstaða mín, eftir öll þau samtöl, fyrirlestra, málstofur og pallborðsumræður sem ég hef haldið og tekið þátt í undanfarin tvö ár, er að söfn eiga við skilgreiningarvandamál að stríða. Ég hef nefnilega rekið mig á að markaðssetning sé enn ákveðið feimnismál og sé jafnvel ekki talin hluti af kjarnastarfsemi safna. Það er mikilvægt að markaðssetning sé skilgreind sem hluti af miðlunarhlutverki safna, því öflug


SÖFN Í FERÐAÞJÓNUSTU

kynning á safninu getur til dæmis aukið gesta fjölda, aukið sýnileika safna innan svæðis, aukið samstarf við nærsamfélagið og síðast en ekki síst, aukið þekkingu á gestum og upplifun þeirra á söfnum. Þess að auki er ávinningur af því að þróa langtíma markaðsáætlun, sem krefst ákveðinnar naflaskoðunar sem er öllum söfnum holl: Hver erum við? Hver er sérstaða okkar, m.t.t. safnkosts og þekkingu þeirra sem starfa á safninu? Hvaða upplifun getum við boðið upp á sem ekki er hægt að fá annarsstaðar? Hver er okkar rödd út í samfélagið og hvernig nýtum við samfélagsmiðla, heimasíður og sýningar? Hversu mikið fjármagn (ef eitthvað) höfum við og hvernig getum við nýtt það sem best til að ná langtíma áformum okkar? Hver eru þau áform?

Ég geri mér auðvitað ljóst að mörg söfn, ekki síst þau sem starfa á landsbyggðinni, eru undirfjármögnuð og undir-mönnuð. Takmarkaður tími er til þess að hugleiða langtíma markaðsmarkmið safnsins, þegar safnkosturinn liggur undir skemmdum, eða safnið er fullt af skólahópum allan veturinn og einungis einn starfsmaður er á stofnuninni. Þar að auki er spennan milli ferðaþjónustu, sem er hagnaðardríf og opinberra safna, sem eru það sannarlega ekki og vilja ekki vera álitin vera í beinni samkeppni við ferðaþjón-

Hefur orðið aukning á fjölda erlendra ferðamanna sem heimsækja þína stofnun á síðustu 5 árum, og hefur það valdið einhverjum vanda?

61 responses



● Já og fjölgun erlendra ferðar valdið vanda
● Já, en fjölgun erlendra ferðar hefur ekki valdið vanda
● Nei, erlendum ferðamönnum fjölgað
● Veit ekki/vil ekki svara

ustuna. Samstarfið við FÍSOS og SAF gengur einmitt út á að hefja og efla svæðisbundið samtal milli safna, sýninga, setra, listagallería, og allra annarra menningarstofnana og ferðaþjónustuaðila. Við viljum gjarnan vekja athygli á svæðisbundnum áskorunum, möguleikum og hugleiða sameiginlega mögulegar úrbætur, efla þekkingu á starfsemi menningarstofnana, jafnt sem ferðaþjónustuaðila, á sameiginlegum markmiðum, jafnt því sem er ólíkt og greinir að.


Fyrsti viðburðurinn (Heilabrot og hugkvæmni: Samtal um sameiginleg hagsmunamál í menningar- og ferðaþjónustu á Norðurlandi) sem lagði upp með að styðja svæðisbundið samstarf milli safna og ferðaþjónustuaðila var haldinn á Síldarminjasafninu þann 14. mars 2025.

Fleiri viðburðir verða skipulagðir í haust og vor, og ef fjármagn (styrkir) fást, er ætlunin að vinna rannsókn með Rannsóknarmiðstöð ferðamála þar sem hlutverk menningarstofnana innan ferðaþjónustu verður skilgreint og hagnýtar leiðbeiningar gefnar út, öllum hagnýtum til stuðnings. Ég vona því að þið takið vel á móti mér þegar ég fer að banka upp á hjá ykkur og kynna viðburði á ykkar svæði. Ykkar þátttaka tryggir að þetta verkefni taki mið af skoðunum og upplifunum safnafólks.

¹ Könnunin var send á 235 söfn, setur og sýningar út um allt land, alls fengust 61 svar, þ.a. 1 frá höfuðsafni og 30 viðurkenndum söfnum. Hún byggði á fyrri rannsókn, söfn og ferðaþjónusta 2015–2017, unna af Rannsóknarsetri í safnafræði, Háskóla Íslands, og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, að beiðni safnaráðs (aðgengileg á vefsíðu þeirra).

Að þínu mati, gæti þín stofnun gert meira til að ná til erlendra ferðamanna?

61 responses



● Já
● Nei
● Veit ekki/vil ekki svara

Guðrún D. Whitehead,
lektor í safnafræði, Háskóli Íslands.

Á mótum menningar og menntunar

– Listasafn Íslands tilnefnt til Íslensku menntaverðlaunanna

Listasafn Íslands hefur síðustu ár með öflugri fræðslustarfsemi og útgáfu námsefnis í myndlæsi unnið að því að virkja samtal við skólakerfið, til að mynda með stofnun Kennaraklúbbs við safnið. Þá felst einnig mikilvæg nýsköpun í því að námsefni sem gefið er út af Listasafni Íslands sé nú tekið upp í kennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, þar sem kennarar framtíðarinnar mennta sig.

Tilnefning Listasafns Íslands til Íslensku menntaverðlaunanna er því ekki aðeins viðurkenning á starfi einnar stofnunar – heldur einnig tímabær ábending um að menntun er fjölpætt, lifandi og gagnvirk fyrirbæri sem nær langt út fyrir hefðbundnar skólastofur þar sem söfn eru í lykilhlutverki.

Ragnheiður Vignisdóttir, fræðslustjóri Listasafns Íslands.



Forsíða bókarinnar „Sjónarafl- þjálfun í myndlæsi“.



Frá afhendingu Menntaverðlaunanna 2024 á Bessastöðum.

F.v. Hólmur Hólm, Halla Tómasdóttir forseti, Ragnheiður Vignisdóttir, Ingibjörg Hannesdóttir og Marta María Jónsdóttir.

Þegar sagan fær að anda

Öll samfélög leitast við að varðveita sögur sínar og miðla þeim til komandi kynslóða. Víða um heim er að finna stórbrotin mannvirki og minjar sem miðla merkilegum sögum einfaldlega með tilvist sinni. Á Íslandi blasir við önnur mynd því fátækt fyrr á öldum, forgengileg byggingarhefð, harðneskjulegt veðurfar og náttúruöfl hafa orðið til þess að flest sýnileg spor fortíðarinnar eru horfin. Þrátt fyrir allt höfum við búið á þessari eyju í meira en tólf aldir, sagnahefðin er rík en ótal sögur eru þó enn ósagðar.

Sýningarhönnun er tímafrek og kostnaðarsöm vegferð. Hér á landi er áskorunin sérlega mikil þar sem við búum í fámennu samfélagi með mörg smá sveitarfélög sem

skortir burði til stórra fjárfestinga. Oft fer það fjármagn sem fæst til sýningagerðar í nýbyggingar eða endurbætur á gömlu húsnæði þannig að lítið situr eftir til að skapa sýninguna sjálfa og miðla sögum sem eiga á hættu að gleymast.

Í þessu ljósi hefur hönnunarteymið hjá Gagarín á undanförunum árum þróað nýjar leiðir til að blása lífi í íslenskar sögur með útimiðlun, þar sem frásögn, tækni og staður fléttast saman í eina eftirminnilega upplifun. Verkefnin, sem öll hafa byrjað með hugmyndahönnun í samstarfi við sýningahaldara hafa um margt markað ný spor í sýningarmiðlun.

Veðrið er fyrsta áskorunin

Við lifum í veðurkerfi sem er jafn

óútreiknanlegt og það er heillandi. Vindur, rigning, snjór og sól geta öll gert vart við sig á einum og sama deginum. Að skapa sýningu sem stenst slíkar aðstæður er mikil kúnt, og krefst hugkvæmni og útsjónarsemi.

Á Hofsstöðum í Garðabæ hannaði Gagarín sýningu sem fjallar um landnámsminjar sem þar fundust. Miðlunin er í formi upplýsingaskilta en einnig voru settir upp þrír sýndarveruleika-kíkjar þar sem gestum gefst tækifæri til að skyggjast inn í fortíðina. Þar sjá þeir hvernig landnámsmenn byggðu hús sín, hvernig daglegt líf þeirra var og hvað þeir tóku sér fyrir hendur.

Búnaðurinn hefur staðið af sér öll veður en varasömust var sólin sem gerði brennipunkta þegar hún skein í gegnum linsurnar á kíkjunum. Það var leyst með sólhlífum.

Í samspili við náttúruna

Önnur áskorun felst í náttúrunni sjálfri. Útimiðlun þarf ætíð að dansa á línu milli þess að miðla sögu staðarins og að vernda hann. Það er mikilvægt að opna dyr að fortíðinni, án þess að raska viðkvæmri náttúru, minjum eða staðaranda.

Við Þrístapa í Húnavatnshreppi fór fram síðasta aftakan á Íslandi árið 1830. Sú átakanlega saga hefur nú fengið nýtt líf í útsýningu Gagarín. Markmiðið með sýningunni var jafnframt að hanna nýjan áfangastað í Húnavatnshreppi, núna Húnabyggð. Þegar gestir ganga að aftökupallinum, sem enn stendur í um 150 metra fjarlægð frá þjóðvegi 1,



Sýndarveruleikakíkjar gefa fólki kost á að horfa inn í fortíðina. Ljósmynd: Gagarín.

ganga þau í gegnum söguna, allt frá aðdraganda morðanna á Illugastöðum að eftirmálum þeirra. Frásögnin er vörðuð með táknrænum listaverkum og tilvitnunum í bókmenntir tengdar aftökunum. Þannig er dregin upp mynd af harmrænum örlögum Agnesar og Friðriks og saga þeirra verður nánast áþreifanleg í landslaginu sem varð vitni að henni fyrir næstum 200 árum.

Agnes: „Ég er ekki tilbúin, held ég. Ég held þeir geti þetta ekki. Geturðu látið þá bíða? Þeir verða að bíða.“ – Hannah Kent, Náðarstund (2014)

Tæknin er miðill en ekki markmið
Þriðja áskorunin er tæknin. Lausnir sem virka í dag geta verið gamaldags eftir fá ár. En tæknin er í raun aðeins farvegur fyrir efnið sem á að koma til skila. Það sem skiptir máli er frásögnin og framsetning hennar því hana má færa á milli miðla eftir því sem tímarnir og tæknin breytast.

Við Gullfoss geta gestir kynnst fyrsta umhverfissinna Íslands, Sigríði Tómasdóttur frá Brattholti (1871–1957). Með hjálp QR-kóða, á fimm mismunandi stöðum, opnast sýndarveruleiki þar sem leikkonan Ebba Katrín Finnsdóttir túlkar Sigríði. Gestir skynja mikilvægi



Síðasta aftakan á Íslandi fór fram á Prístöpum. Ljósmynd: Gagarán.

fossins með augum hennar, kynnst bóndadóttur, listakonu og óþreytandi baráttukonu allt í sömu myndinni. Upplifunin kallar fram spurninguna: „Hvað ef?“ Hvernig liti svæðið út í dag ef baráttu hennar hefði mistekist og fossinn verið virkjaður?


„Þá hótaði Sigríður að henda sér í fossinn ef til þess kæmi að fyrsta skóflustungan að virkjun væri tekin.“ – Eyrún Ingadóttir, Konan sem elskaði fossinn (2021)

Beint samband við söguna


Útímiðlun gefur tækifæri til einstaks sambands milli gesta og sögunnar. Þingvellir, þar sem Alþingi kom saman frá 930 til 1798, geyma ótal minjar, sumar sýnilegar, aðrar faldar. Með QR-kóðum og sýndarveruleika geta gestir upplifað lífið á Þingvöllum í fyrri tíð. Fortíðin leggst yfir nútímann, og gesturinn fær beina tengingu við forfedurna þar sem hann stendur á sama stað og þeir í „rauntíma“.



Sigríður frá Brattholti vanna það stórvirki að forða Gullfossi frá eyðileggingu. Ljósmynd: Gagarán.



Á Þingvöllum geta gestir horft aftur til Alþingis árið 1000) Ljósmynd: Gagarán.



Á heimssýningunni í Japan gátu gestir „heimsótt“ Norðurlöndin á meðan þeir biðu í röð. Ljósmynd: Gagarín.

Út fyrir landsteinana

Útimiðlun er þó ekki bundin við Ísland. Á heimssýningunni í Osaka 2025 tók Gagarín þátt í að hanna og framleiða sýninguna í Norræna skál-anum. Sýningin fjallar um lífið á Norðurlöndunum með áherslu á Norræn gildi, nútímasamfélög Norðurlandanna og hið eilífa samband þjóðanna við náttúruna. Fyrir utan skálann, þar sem langar biðraðir mynduðust, gátu gestir skannað QR-kóða og ferðast í 360 gráðu upplifun um einstaka staði

í hverju Norðurlandi. Á þann hátt gátu þeir upplifað Norræna náttúru og samfélög á meðan þeir biðu.

Samræða milli sögunnar og gestsins

Útimiðlun brýtur niður múra. Hún er aðgengileg öllum, ferðamanni á göngu, fjölskyldu á ferð eða nemendum í vettvangsferð. Hún mætir fólki án formlegra hindrana. Gesturinn getur í mörgum tilfellum tekið frásögnina með sér heim eða áfram á ferðalagið.

Kannski er það einmitt kjarninn í útimiðlun. Hún snýst ekki um að hafa fullkomna stjórn á umhverfinu eins og í hefðbundnu sýningarrými, heldur að skapa dýnamískt rými fyrir samtal milli sögunnar og þess sem upplifir hana. Þar verður veðrið, náttúran, árstíðirnar og umhverfið allt óaðskiljanlegur hluti af upplifuninni.

Umhverfið fær að njóta sín og sagan að anda

Útimiðlun er bæði áskorun og gjöf. Hún krefst nýrrar hugsunar um hönnun, varðveislu og frásögn. En hún býður einnig upp á upplifanir sem enginn safngripur getur veitt: að finna vindinn sem blés í hárið á konu sem barðist fyrir fossi, að standa á sama grjóti og aftaka fór fram eða að sjá fortíðina leggjast yfir landslagið.

Í þessu samspili náttúru, tækni og mannsins tekur umhverfið allt þátt í að miðla og sagan sem er í forgrunni fær að anda.



Þegar horft er inn í sýndarveruleikakíkja á Hofsstöðum lifnar sögustaðurinn við. Ljósmynd: Gagarín.

Hringur Hafsteinsson, listrænn stjórnandi hjá Gagarín

Frá stemmningu í Stykkishólmi til staðartengsla á Snæfellsnesi

Rýnt í nýlega grunnsýningu Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla í Norska húsinu

Að skipta um tímabundnar sýningar á söfnum er mikil vinna. Að skipta út grunnsýningu er þrekvirk. Þau tímamót urðu haustið 2023 að grunnsýningu á miðhæð Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla í Norska húsinu í Stykkishólmi – alfriðuðu húsi frá árinu 1832 – var skipt út í kjölfar samráðs við fólk á svæðinu og ítarlegrar rannsóknarvinnu sýningastjóra. Ferlið var margbrotið og hagaðilar ólíkir. Þriggja ára öndvegissstyrkur úr safnasjóði gerði

verkefnið mögulegt. Fyrstu tillögur um nýja grunnsýningu komu fram í lok árs 2020 í skýrslu sem byggði á hugarflugsfundum. Ráðgjafafyrirtækið Ildi hélt utan um samráðsferlið.

Byggðasamlag sveitarfélaganna á Snæfellsnesi fer með málefni safnsins og tók við af Héraðsnefnd Snæfellinga og Hnappdæla þegar hún var lögð niður árið 2017. Sveitafélögin eru Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Eyja- og



Anna Melsted sýningastjóri og Hjördís Pálsdóttir safnstjóri.

Miklaholtshreppur, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær sem breyttist í Sveitafélagið Stykkishólm þegar tvö síðastnefndu sameinuðust í ársbyrjun 2023. Aðkoma allra sveitafélaganna var mikilvæg fyrir endurskoðun grunnsýningar og leitað var ráða hjá fulltrúum þeirra. Verkefnið var einnig unnið í samstarfi við Svæðisgarðinn Snæfellsnes og sat framkvæmdastjóri hans í stýrihópi verkefnisins auk safnstjóra og formanns safna- og menningarmálanefndar í Stykkishólmi en nefndin fer með faglega stjórn safnsins ásamt safnstjóra.

Tveir samráðsfundir voru haldnir fyrri hluta árs 2021. Settar voru fram forsendur og hönnunarviðmið í skýrslu í ágúst sama ár. Stýrihópur verkefnisins ákvað tímabil sýningarinnar og að fjallað yrði um aðstæður og líf ungs fólks á öllu Snæfellsnesi. Svæðisgarðurinn vildi enn fremur að sýningin myndi tengja safngesti við útisvæði á Snæfellsnesi. Þegar sýningin er skoðuð birtist þessi áhersla í kynningarmyndbandi um svæðið á stórum skjá. Myndbandið virkar eins og markaðsefni fyrir ferðafólk og er dálítið á skjön við aðrar áherslur á sýningunni. Þá ákvað



Upphaf sýningarinnar fjallar um bakland og ólíkar kynslóðir auk innsetningar á vegaskiltum.

stýrihópurinn að ekki yrði byrgt fyrir glugga í rýminu sem óneitanlega hefði hjálpað til við að ná fram heildstæðara útliti á sýninguna og auðveldað skoðun á myndefni á skjám. Einnig var lögð áhersla á virkni safngesta og safnfræðslu. Markhópur nýrrar grunnsýningar er hinn almenni safngestur og nemendur í grunnskólum á Snæfellsnesi og Framhaldsskóla Snæfellinga. Markmið sýningarinnar er að íbúar á Snæfellsnesi upplifi safnið sem sitt en hvort það hafi tekist hefur ekki verið kannað með formlegum hætti enn sem komið er.

Nýja grunnsýning *Hjartastaður – Sjóndeildarhringurinn með augum ungs fólks á Snæfellsnesi frá 1900* fjallar um tengsl ólíks fólks við allt svæðið. Í kynningartexta á vef safnsins segir: „Leiðarljós sýningarinnar [...] er að líta í spegil fortíðar og nútíðar, [...] draga upp mynd af ytri aðstæðum, samfélagi og því sem hefur mótað áhrif á unga fólkið [...] og staðartengsl þess, þá og nú.“¹ Þetta er göfugt markmið en hvernig tókst til? Sú sem þessar línur ritar var forstöðumaður Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla á árunum 2012–2014 og kom safninu gegnum viðurkenningaferli safnaráðs. Það leiddi til faglegra starfs og aukinna styrkjamöguleika. Þessi fyrrum forstöðumaður kíkti í heimsókn í safnið og ræddi við þær Hjördísi Pálsdóttur, safnstjóra og Önnu Melsted, sýningastjóra. Finnur Arnar Arnarsson er sýningahönnuður.

Við þröngt stigaop, sem er eina leiðin upp á miðhæð hússins, hefur tölulegum upplýsingum verið komið haganlega fyrir auk orða sem vekja upp hugrenningatengsl og eru forvitnilegur inngangur að sýningunni. Sömu orð koma fyrir í lok sýningar með skipulagðari hætti og safngestum er boðið að tengja saman orð með mislitum þráðum sem settir eru upp á nagla.




Dæmi um gluggaop með sýningargripum ásamt myndum, texta og bakgrunnsgrafík.

Merki sýningarinnar er hjarta sem er eins konar skotmark og tákn fyrir hjartastað. Safngestir geta skrifað/teiknað á póstkort með merki sýningarinnar og hengt þau upp eða tekið með sér og sent í pósti. Á póstkortinu þar sem frímerki er alla jafna sett er boðið upp á sniðuga lausn í formi QR-kóða sem opnar pappírslausa sýningaskrá. Þaðan má finna skjal um safngripina á sýningunni og sækja upplýsingar um þá í Sarp. Árið 2024 bættust við áhuga-verðir hlaðvarpsþættir, unnir upp úr viðtalsrannsókn sýningastjóra.

Sjónrænt er sýningin hólfuð niður í tímabil og kynslóðirnar afmarkaðar á hugrakkan hátt með heitunum aldamótakynslóðin (1901–1924), millistríðsárakynslóðin (1925–1945), uppgangskynslóðin (1945–1960), týnda kynslóðin (1961–1980), bómullarkynslóðin (1981–2000) og þúsaldarkynslóðin frá 2001. Ártölin afmarka rýmin og í hverju rými er safngripur komið fyrir í einhverskonar gluggaop sem brýtur upp texta, myndir og bakgrunnsgrafík á spjöldum. Sýningin er dálítið yfirþyrmandi því upplýsingamagnið er mjög mikið en henni er gert að standa í tíu ár svo kannski er það allt í lagi. Dagsbirtan er vel nýtt

og öll sýningin er frístandandi til að koma til móts við kröfur sem gerðar eru í friðuðum húsum. Það hefur eflaust tekið sinn tíma að stilla alla frístandandi vegg, spjöld og stöpla af svo þeir virkuðu beinir í rýmunum. Það brakar í gólfum þegar gengið er um sýninguna. Veggfóður og litir á veggjum hafa fengið að halda sér frá fyrri tímum. Í hverju rými má heyra brot af tónlist hvers tímabils sem eins konar hljóðmynd og skoða myndir í spjald-




Þræðir í litum hússins til að tengja saman orð um hjartastað safngesta.



Í upphafsrymi fá safngestir upplýsingar um sýninguna og kynningarmyndband um svæðið.

tölvum. Þetta er vel heppnuð sýning sem verður spennandi að sjá hvernig þróast með næstu kynslóðum. Sýningin er upplagt tækifæri til að kveða niður hrepparíginn gamla og sameina íbúa á öllu Snæfellsnesi gegnum sinn ríka menningararf. Þá er viðfangsefni sýningarinnar tilvalið fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum og í vinnslu að huga betur að safnfræðslu og þátttöku nemenda.

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla var stofnað árið 1956 og Norska húsið í Stykkishólmi keypt fyrir starfsemi þess árið 1970. Árið 1989, sama ár og Norska húsið opnaði loks almenningi, gerir Hörður Ágústsson grein fyrir sögu hússins og ferlinu



Orð tengd saman með mislitum þráðum.

við að gera það upp.² Anna Melsted bendir á að Hörður færir fram þá ósk í sínum skrifum um að munir sem varðveist hafi úr búi þeirra Árna Ó. Thorlacius (1802–1891) og Önnu Magdalenu Steenback (1807–1894) verði fengnir að láni eða keyptir og komið þannig fyrir að svipað verði umhofs og þegar Árni og fjölskylda bjuggu í húsinu til að „sýna hvernig hífýli auðugs manns í nýmynduðu þéttbýli á Íslandi hefðu litið út“.³ Ritgerð Önnu, sýningastjórn og viðtalsrannsókn mynduðu saman MA-verkefni hennar í hagnýtri þjóðfræði.

Fyrri grunnsýning Norska hússins *Heldra heimili í Stykkishólmi á 19. öld* opnaði árið 2001 og stóð í rúm 20 ár. Sýningin var tilgátuheimili Árna og Önnu, eins og talið er að það hafi verið á seinni hluta 19. aldar. Þá þótti ekkert tiltökumál að búa til leikmynd fyrir safngesti til að ímynda sér hvernig lífið var hjá fyrstu íbúum Norska hússins. Ýmsir munir voru keyptir héðan og þaðan sem þjónuðu þeim tilgangi að búa til sjarmerandi stemmningu. Starfsfólk safnsins klæddist búningum á opnunartíma safnsins í takt við tíðaranda hússins. Þá hýsti safnið um árabil viðburð

tengdan þjóðbúningahátíðinni Skotthúfunni sem fólst meðal annars í því að þjóða upp á þjóðlegar kaffiveitingar inn í sýningarrýmum safnsins. Nú hefur Skotthúfan dreifst víðar um bæinn og framlag Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla er orðið faglegra. Safnið sýndi t.a.m. þjóðbúninga úr safneign og ljósmyndir frá hátíðinni síðastliðin 20 ár í sumari. Á fyrri grunnsýningunni var óskýrt hvaða hlutir voru leikmunir eða raunverulegir safngripir og því ekki skritið að Norska húsið hafi þjónað sem fallegur ljósmyndabakgrunnur fyrir þjóðbúningahátíðina og fleiri. Sjónarhorn tilgátuheimilisins var fremur þröngt það er að segja líf og saga merkilegs manns úr Hólminum. Árni Thorlacius lét vissulega reisa húsið og það er safngripur í sjálfu sér, sem fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið hér á landi. Það var því ekki örökrétt niðurstaða á sínum tíma að Norska húsið væri minnisvarði um Árna. Hins vegar má segja að með nýrri grunnsýningu hafi Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla í fyrsta sinn staðið undir nafni, því hlutverk þess er að þjóna öllu svæðinu.

¹ „Hjartastaður – Grunnsýning BSH,“ Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla, sótt 17. ágúst 2025, <https://www.norskahusid.is/is/hjartastadur-grunnsyning-bsh>.

² Hörður Ágústsson, „Norska húsið í Stykkishólmi,“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 86, (1989): 35–83.

³ Anna Melsted, „Hjartastaður. Ný grunnsýning í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla“ (MA-ritgerð, Háskóli Íslands, 2025), 26.

Dagur á Árbæjarsafni – sveit í borg

Dagurinn á Árbæjarsafni hefst klukkan hálf tíu að morgni. Fyrsta verk dagsins er að fara í vinnufötin sem eru sniðin eftir klæðnaði alþýðufólks í kringum aldamótin 1900. Það er sérstök tilfinning að klæðast slíkum fötum. Maður fer ósjálfrátt að bera sig með öðrum hætti og upplifir sig stíga inn í liðna tíð. Við erum þó nokkur sem störfum saman á safninu yfir sumartímann, oftast um 10 til 12 manns á vakt hverju sinni, en færri yfir vetrarmánuðina og höfum aðsetur í húsi við Laugaveg 62, sem gegnir lykilhlutverki í daglegu starfi safnsins. Þar eru meðal annars vinnufötin okkar geymd, auk þess sem þar er kaffi- og samveruadstaða. Á neðstu hæð hússins er miðasalan, þar sem gestir byrja heimsókn sína áður en haldið er inn á safnsvæðið sjálft.

Safnsvæðinu sjálfu er skipt í þrjá meginkjarna. Fyrst er það Torgið, þar sem gestir hefja yfirleitt göngu sína. Þar má meðal annars finna Krambúðina og fleiri áhugaverð hús tengd borgarlífi fyrri tíma. Næst er Árbærinn sjálfur, hjarta safnsins, þar sem sveitasamfélagið, heimilishald og dagleg störf í landbúnaði koma glöggst fram. Að lokum er það fiskiþorpið, sem stendur neðar á safnsvæðinu og sýnir líf og störf sjómanna og verka-fólks í sjávarbyggðum.

Eftir að við erum komin í viðeigandi klæðnað fáum við okkur kaffi og ræðum verkefni dagsins. Við rýnum í verkefnadagbókina, sem er okkar daglegi leiðarvísir. Þar kemur fram hvaða ferðahópar eru væntanlegir, fjöldi skráðra í leiðsagnir, og hvaða svæði þarf að manna. Við skiptum



Hrefna strokkar smjör við Árbæinn.

með okkur verkum dagsins og svo vinna tveir saman að opnun húsa áður en safnið opnar almenningi.

Á Árbæjarsafni er varðveittur dýrmætur hluti menningararfs þjóðarinnar. Þar gefst gestum kostur á að kynnst daglegu lífi liðinna tíma, sjá hvernig fólk bjó, vann og öðlast innsýn í þá lifnaðarhætti sem hafa mótað veruleika Íslendinga í gegnum tíðina.

Í þessari viku hef ég umsjón með Árbænum, einu þeirra húsa sem krefst sérstakrar natni og þekkingar, bæði vegna sögulegs gildis þess og fjölda verkefna sem þar þarf að sinna yfir daginn. Ég geng gömlu þjóðleiðina í átt að bænum með fuglasöng í eyrunum og borgina í fjarska.

Mitt fyrsta verk í Árbænum er að heilsa ljósmynd Margrétar Pétursdóttur og Kristjónu dóttur hennar sem þar bjuggu áður. Ég hef þann sið að bjóða þeim alltaf góðan daginn. Ég sópa gólfín og geri bæinn



Pvottur hangir til þerris við Efstabæ.

snyrtilegan og hefst svo handa við að vökva torfþakið, enda hafa síðustu dagar verið þurrir og sólríkir. Ég sæki slöngu í hesthúsinu, dreg hana út um gluggann og skríð upp á þak með úðara til að væta torfið jafnt og þétt, sem er nauðsynleg viðhalds- vinna svo það haldist heilbrigt.

Þegar þakið hefur fengið næga vætu sný ég mér að öðrum verkum við Árbæinn, þar sem samstarfskona mín er í óða önn við að undirbúa smjörgerð. Ég hafði deginum áður hellt heitu vatni í strokkinn til að viðurinn tútni og hætti að leka. Nú er hann orðinn nothæfur svo hún hellir rjóma varlega ofan í og hefst handa. Mikilvægt er að strokka jafnt og helst ekki hætta á milli. Slá þarf rjómann á bilinu sjö til tólf- hundruð sinnum og halda þarf takti allan tímann til að smjörin verði bragðgott. Með hverri hreyfingu þykkist rjóminn smám saman, og þegar hljóðið breytist (verður dauft- ara og þéttara) vitum við að smjörin er að taka á sig endanlega mynd. Þá má heyra hið kunnuglega orða- tiltæki „nú er komið annað hljóð



Kolfinna, Sigurður Karl og Logi verka þorskin.



Emil vætir torfþakið vandlega.

í strokkinn“ og smjörin er tilbúið. Að þessu loknu þarf að taka það úr strokknum, hnoða úr því áfirnar, saxa það og loks salta.

Á meðan á þessu stendur er annar samstarfsfélagi minn að steikja lummur á gamalli norski eldavél inni í bænum. Það ilmar um allt og reykurinn leggur út um skorsteininn.

Klukkan eitt, eftir hádegisverðinn, hefst svo dagleg leiðsögn, svokölluð föst leiðsögn, sem við starfsfólkið skiptum með okkur. Hún dregur að sér fólk sem hefur komið á eigin vegum og hefur tíma og áhuga til að spyrja og hlusta. Það sem gerir þessa leiðsögn sérstaka er ekki aðeins innihaldið heldur rýmið sem skapast til lengri og persónulegra samtala. Í dag mættu tíu manns og leiðsögnin stóð yfir í um það bil klukkustund.

Við endum leiðsögnina í fiskiþorpinu þar sem verið er að verka þorsk. Hann er burstaður og hreinsaður áður en hann er lagður til þurrkunar á steina við húsin. Ég tek þátt í verkinu, sem vekur gjarnan athygli meðal gesta.

Síðdegis förum við nokkur saman út á tún að skera rabarbara. Við ætlum að nýta hann í námskeið sem haldið verður síðar í vikunni þar sem kennd verður sultugerð og allt sem tengist umhirðu rabarbara.

Í lok dags tek ég þátt í því að hengja upp nýþveginn þvott, ásamt samstarfskonum mínum sem höfðu þvegið hann með hefðbundnum hætti við þvottabala og bretti. Í fiskiþorpinu fær hann svo að hanga á snúrum til næsta dags.

Loks er tími til kominn að sækja lyklana og loka húsunum, eitt af öðru. Dagurinn hefur verið viðburðaríkur og margbreytilegur, með fjölda áhugasamra gesta. Hver dagur á safninu ber með sér nýjar áskoranir og óvæntar upptæknir, og það er einmitt fjölbreytnin sem gerir starfið á Árbæjarsafni svo einstakt og skemmtilegt.

Emil Hrafn Hildarson, starfsmaður í móttöku á Borgarsögusafni.

List og lýðræði

– ráðstefna í Norræna húsinu

Er listfrelsi sjálfsgefið eða er það brothættari hugmynd en við viljum viðurkenna? Í vor fór fram málstofan List & Lýðræði: Ógnir gegn listrænu frelsi í Norræna húsinu í Reykjavík. Markmiðið var að skapa umræðuvettvang og varpa ljósi á stöðu listar og menningar í lýðræðislegu samhengi og ræða hvernig frelsi skapandi greina stendur frammi fyrir áskorunum í nútímasamfélagi. Í erindum ráðamanna, niðurstöðum nýrrar rannsóknar og reynslusögum listamanna kom fram að listfrelsi er langt frá því að vera sjálfsgefið, á Norðurlöndum sem og annars staðar.

Listfrelsi sem hornsteinn lýðræðisins

Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra opnaði málstofuna með því að minna á að listfrelsi sé órjúfanlegur hluti lýðræðis. Listamenn, gagnrýnendur, fjölmiðlar og aðrir hagaðilar sem starfa á sviði menningar gegna mikilvægu hlutverki við að spyrja erfiðra spurninga og ögra ríkjandi hugmyndum. Að þegar lýðræði veikist séu einmitt þessir hópar oft fyrstu skotmörkin, hvort sem er með fjárhagslegum niðurskurði, árásum á orðspor eða með beinum lagalegum breytingum og aðgerðum. Þó bendir ráðherra réttilega á að alvarlegasta ógnin sé ósýnileg ritskoðun, þegar listafólk hræðist að missa styrki, stuðning eða viðurkenningu

og dregur sig því sjálft í hlé frá umræðunni. Sú áminning á einnig við um söfn. Þegar söfn takmarka sig við að sýna eingöngu það sem er talið öruggt eða óumdeilt, endurspeglar það ekki hlutleysi heldur meðvirkni með þögninni. Hlutverk safna felst ekki eingöngu í varðveislu menningararfs, heldur einnig í því að skapa vettvang fyrir ólík sjónarmið að heyrast, þar á meðal þau sem ögra eða valda óþægindum.

Mikilvægt innlegg í umræðuna var kynning sænsku fræðikonunnar Sofia Arkhede á skýrslu *Kulturanalys Norden*. Þar var í fyrsta sinn safnað saman tölulegum gögnum um stöðu listamanna í fjórum Norðurlöndum (DK, SE, NO og IS). Rúmlega 3.000 svör bárust úr ólíkum listgreinum frá listamönnum og rithöfundum. Niðurstöður rannsóknarinnar voru áhyggjuefni og hafa vakið athygli þar sem um 40% að meðaltali höfðu upplifað hótanir eða áreitni í tengslum við störf sín og um 22% að meðaltali orðið fyrir ofbeldi, þjófnaði eða skemmdarverkum. Konur lýstu oftast kynferðislegri áreitni, en karlar beinum hótunum. Sérstaklega var ungt listafólk berskjaldað á netinu. Þótt líkamlegt ofbeldi væri sjaldgæft höfðu margir þurft að grípa til öryggisráðstafana eða breyta daglegri hegðun. Áhugavert var að sumir sögðu að áföllin hefðu jafnvel styrkt þá í sannfæringu

sinni um mikilvægi listarinnar og hvatt þá til að halda áfram. Þessi tvíhyggja, að vera bæði bældur og hvattur, lýsir vel þeirri stöðu sem listafólk stendur frammi fyrir.

Reynslusögur úr samtímanum

Í pallborði málstofunnar birtust ofan nefndar áskoranir í skýrum dæmum. Alsírsk-franska listakonan Hanan Benammar sem búsett er í Ósló rifjaði upp þátttöku sína í leikverkinu *Ways of Seeing* frá 2018, sem fjallar um rasisma og valdakerfi. Verkið varð að miðpunkti pólitískrar áróðursherferðar þar sem fjölmiðlar og ráðamenn tengdu það ranglega við hryðjuverk. Listamenn verksins stóðu eftir einangraðir, án stuðnings stofnana sem hefðu átt að verja þá. Reynsla sem síðan varð kveikjan að því að stofna *Council Culture Club & Spa*, listrænt verkefni sem bregst við ritskoðun, hótunum og samfélagslegri kúgun listamanna og er jafnframt vettvangur þar sem listamenn geta skipst á reynslu og fundið samstöðu.

Sýrlenski listamaðurinn Khaled Barakeh, búsettur í Berlín, lýsti því hvernig gagnrýni á Ísrael hefði eftir 7. október 2024 orðið til þess að fjöldi listamanna missti sýningarými og verkefni. Sjálfur svaraði hann með listrænum aðferðum til að sneiða hjá ritskoðun til að geta tjáð sig, þótt innan þröngra marka.

Barakeh benti á að lýðræðið, sem segist vera byggt á tjáningarfrelsi, beiti samt pólitískum og lagalegum aðferðum til að þagga niður óþægilegar raddir

Íslenski listamaðurinn Odee bætti við í umræðuna og lýsti útskriftarverki sínu sem gagnrýndi spillingu í sjávarútvegi. Hann samdi falskt afsökunarbréf frá stórfyrirtæki og sendi fjölmiðlum. Fyrirtækið brást við með málshöfðun í Hæstarétti í London, mál sem ætlað var að brjóta listamanninn fjárhagslega niður. Enn alvarlegra var þegar skóli hans í Bergen reyndi síðar að ritskoða ný verkefni hans af ótta við lagalegar afleiðingar. Þannig breiddist sjálfritskoðun frá einstaklingum til stofnana.

Ísland á sér sína sérstöðu. Forseti Bandalags íslenskra listamanna, Jóna Hlíf Halldórsdóttir lagði áherslu

á að í litlu samfélagi, þar sem allir þekkjast, sé erfitt að mynda sterka varnarlínu. Hvernig staða samtakanna væri áhyggjuefni, þar sem þau hefðu hvorki nægt fjármagn né lögfræðilegan stuðning til að verja félagsmenn sína. Listamenn hafa því oft staðið einir þegar þeir verða fyrir árásum eða þrýstingi. Hún benti á þörfina fyrir sérstakan neyðarsjóð til að styðja listafólk í slíkum aðstæðum og sagði mikilvægt að samtökin miðluðu upplýsingum á fleiri tungumálum en íslensku, svo þau næðu til fjölbreytts hóps listamanna. Þar með gætu þau orðið raunverulegt stuðningsnet sem veitti öryggi og samstöðu í stað einangrunar.

Lokaorð

Ráðstefnan í Norræna húsinu sýndi með skýrum hætti að list er ekki aukaatriði í lýðræðissamfélagi heldur viðmið á heilbrigði þess.

Þar sem listamenn þurfa að óttast lögsókn stórfyrirtækja, skipulagðar árásir fjölmiðla eða stofnanabundna þögn, þar er sjálft lýðræðið í hættu.

Helsta áskorunin felst í því að skilja að „hlutleysi“ er ekki hlutlaus afstaða. Að forðast ágreining þýðir að viðhalda þögninni. Söfn verða að standa vörð um fjölbreytni, hugrekki og gagnrýna hugsun, annars missa þau trúverðugleika sem vettvangur lýðræðislegrar umræðu. Fyrir söfn og aðrar menningarstofnanir er þetta kjarni málsins, að skapa rými þar sem ólíkar raddir fá að heyrast, jafnvel þegar þær eru óþægilegar, og standa með þeim sem þora að spyrja spurninga sem aðrir forðast. Aðeins þannig gegna þau raunverulegu hlutverki sínu í lýðræðislegu samfélagi.

Cecilie C. Ragnheiðardóttir Gaihede,
listfræðingur



GAGARIN

Átt þú ósagða sögu?

Við hjá Gagarín sérhæfum okkur í að blása lífi í sögur sem annars gætu gleymst.

www.gagarin.is

Safnamaður í Suðurríkjunum

Á liðnu sumri lagði undirritaður land undir fót og sótti ráðstefnu til Little Rock í Arkansas ríki í Bandaríkjunum. Um áratugur er liðinn síðan ég sótti fyrst ráðstefnu í Norður-Ameríku og nú er svo komið að ég sit í stjórn samtakanna American Living History and Agricultural Museums (ALHFAM). Fyrstur Íslendinga og líklega fyrstur utan Norður-Ameríku. Kynni mín af þessum félagsskap hófust vorið 2014, þegar ég sótti ráðstefnu á vegum AIMA, alþjóðlegu landbúnaðarsafna-samtakanna í Tartu í Eistlandi. Þar flutti ég stutt erindi um þær áskoranir sem fylgja því að setja á svið heyannir á byggðasafni á Íslandi. Á sömu ráðstefnu hitti ég fyrir tvær konur, sem voru meðlimir í ALHFAM og hvöttu þær mig eindregið til að sækja um styrk og vera alþjóðlegur

fulltrúi á ráðstefnu samtakanna sem til stóð að halda í Calgary í Alberta-fylki í Kanada. Ég sló til og óhætt að segja að ég sjái ekki eftir því. Það var einkum tvennt sem vakti hrifningu mína á samtökunum. Það fyrra var að ég hreifst mjög af málstofu fyrirkomulagi á ráðstefnunni. Mér fannst það nýlunda að bjóða upp á málstofur, sem voru annað hvort 45 eða 90 mínútur, þar sem þáttakendur tóku virkan þátt. Svo hrifinn raunar var ég af skipulagi ráðstefnunnar, að þegar mér bauðst að setjast í stjórn Farskóla safnamanna á Patreksfirði, innleiddi ég þetta málstofuform. Seinna atriðið sem stóð upp úr, var hve vel var tekið á móti mér. Á örskotsstundu var ég kynntur fyrir öðrum ráðstefnugestum og var því snemma orðinn málkunnugur. Ég hafði ekki hugsað mér að sækja fleiri

ráðstefnur á vegum samtakanna, en það kitlaði mig óneitanlega, að ráðstefnan 2015 fór fram á Colonial Williamsburg, í Virginíu ríki, en það er stærsta útisafn í heimi. Ég sló til og hef ekki horft til baka og hef mætt á allar ráðstefnur samtakana síðan, að tveimur undanskildum.

ALHFAM samtökin voru stofnuð 1970. Upphaflega voru þetta samtök ætluð landbúnaðarsöfnum og öðrum safnamönnum sem fengust við landbúnaðarsögu. Allt frá fyrsta degi voru félagsmenn bæði frá Bandaríkjunum og Kanada. Síðar var ákveðið að víkka út svið samtakanna og í dag endurspeglar þau vítt svið safna í Norður-Ameríku. Þar með talið útisöfn, sögufræg hús, byggðasöfn og þar fram eftir götunum. Auk þess að standa fyrir einni árlegri



Suðurríki Bandaríkjanna eru þekkt fyrir ríka matarhefð. Hér heimsækja safnamenn Jones's godsagnakenndan stað, sem sérhæfir sig í reyktu, niðurrífnu kjöti.

ráðstefnu, starfa samtökin í smærri svæðisfélögum, sem halda sínar eigin ráðstefnur eða viðburði.

Ráðstefnur samtakanna sameina það tvennt sem mér persónulega finnst eftirsóknarvert við að sækja ráðstefnur. Annars vegar það, að málstofur, vinnustofur og erindi eru gjarnan vel undirbúin. Mikið er lagt upp úr samtali og jafningafræðslu. Jafnframt hefur á seinni árum verið lögð aukin áhersla á að miðla þekkingu með verklegri kennslu. Gott dæmi var tveggja daga vinnustofa, sem haldin var á Colonial Williamsburg, þar sem þátttakendur fengu að spreyta sig á að plægja með uxum, teyma hesta, búa um tóbaksplöntur og fleira. Einnig er mikið lagt upp úr félagslegum tengslum. Þegar formlegri dagskrá lýkur, tekur við óformlegur hittingur, þar sem fólk tekur með sér drykki úr heimahéraði, deilir með öðrum og

ræðir allt milli himins og jarðar. Margir ungir safnamenn notfæra sér einmitt þennan vettvang til að mynda tengslanet við aðra reyndari safnamenn. Fólk skiptist á þekkingu og miðlar.

Á þessum áratug hef ég heimsótt staði í Norður-Ameríku, sem ég sannast sagna átti ekki von á að heimsækja um dagana. Fyrir utan Calgary í Kanada og Williamsburg í Virginíu, hefur mér lánast að heimsækja Louisiana ríki, New York ríki, Washington ríki, Ontario fylki í Kanada, Ohio og nú síðast Arkansas. Á ráðstefnunni gafst okkur tækifæri á að kynnst menningu suður-ríkjanna. Við Mississippi fljótið kynntumst við blúsnum og reyktu rifnu svínakjöti. Borgin Little Rock er einnig skemmtilegur áningastaður. Þar er að finna mörg söfn og sýningar, en vissulega ekki í alfararleið. Eftir því sem maður heimsækir

þessa víðáttumiklu heimsálfu oftar, áttar maður sig betur á hve fjölbreytt mannlífið er þar í raun.

Þó margt sé stórt í Ameríku, þá er það áhugavert hvað sömu áskoranir bíða safnamanna þar sem og hér. En heimsókn til Bandaríkjanna á þessum umbrotatímum er einnig áhugaverð út af fyrir sig. Það eru blíkur á lofti í bandarískum safnamálum. Fólk hefur hljótt um það út á við, en ljóst að ástandið er flókið. Safnastarf þar stendur frammi fyrir stærri áskorunum en áður og verður áhugavert að fylgjast með þróuninni. Segja má að með því að sækja ráðstefnur ALHFAM samtakanna sé maður í auga stormsins.

Sigurlaugur Ingólfsson,
sagn- og fornleifafræðingur,
verkefnastjóri Árbæjarsafns,
Borgarsögusafni Reykjavíkur

Gefðu þér tíma og staldraðu við í Glaumbæ

Gakktu inn í horfinn tíma og upplifðu húsakynni og heimilismuni sem algengir voru á Íslandi um margra alda skelð.

Sýningin „Mannlíf í torfbæjum“ er í gamla bænum í Glaumbæ, sem er gangabær úr torfi og grjóti líkur þeim sem tíðkuðust á stórbýlum á Íslandi fram á fyrri hluta 20. aldar.

Í Gílastofu og Áshúsi, timburhúsum frá 19. öld, eru sýningar og kaffihús þar sem hægt er að bragða á gamaldaga góðgæti í huggulegu andrúmslofti.

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

www.glaumbaer.is | byggdasafrn@skagafjordur.is | 453 6173



Verið hjartanlega velkomin!

Styrktaraðilum Safnablaðsins Kvists eru færðar alúðarþakkir



Tækniminjasafn
Austurlands



Listasafn
Reykjanes
bæjar



BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA



Grasagarður Reykjavíkur
Hortus Botanicus Reykjavikensis



GLJÚFRASTEINN
Hús skáldsins



Við tökum að okkur alla **ALMENNA PRENTUN**
og fer öll framleiðsla fram á Íslandi
í svansvottaðri prentsmiðju.

Leyfðu okkur að finna bestu lausnina fyrir þig.

Umhverfisvænn
kostur fyrir þig!



Umbúðir



Almenn
prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Reykjavík 5 600 600
Selfoss 4 821 944
Akureyri 4 600 700

sala@prentmetoddi.is
selfoss@prentmetoddi.is
akureyri@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is





Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús Kjarvalsstaðir Ásmundarsafn

Opið daglega



listasafnreykjavikur.is
#listasafnreykjavikur
+354 411 6400